# Fundargerðabók Félags sérvöruverslana
# 16. apríl 1991 til 25. febrúar 1997

Kaupmannasamtök Íslands – Fundargerðir – Félag sérvöruverslana – Stjórnarfundir – Aðalfundir – Stofnfundur – Félag vefnaðarvörukaupmanna – Félag íslenskra skókaupmanna – Félag sportvörukaupmanna – Félag snyrtivöruverslana – Félag gjafa- og listmunaverslana – Einstaklingar innan K.Í

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

borgarskjalasafn.is

Einkaskjalasafn nr. 316
Flokkur A - Fundargerðir
Askja A-15

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Félag sérvöruverslana

1991 - 1997.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands. ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 9. apríl 1991.

Félag vefnaðarvörukaupmanna
Félag ísl. skókaupmanna
Félag sportvörukaupmanna
Félag snyrtivöruverslana
Félag gjafa- og listmunaverslana
Einstaklingar

**S T O F N F U N D U R**
**sameiningarfundur**

verður haldinn þriðjudaginn 16. apríl n.k. í húsnæði Kaupmannasamtaka Íslands, Húsi verslunarinnar, 6. hæð og hefst kl. 20:30.

Dagskrá:

1. Fundarsetning, valinn fundarstjóri og ritari.
2. Greinargerð um sameiningarviðræðurnar, umræður.
3. Tillaga um stofnun félags.
4. Lög félagsins.
5. Stjórnarkosning og kosning í fulltrúaráð K.Í.
6. Önnur mál.

Félagar athugið, það er afar mikilsvert að sem allra flestir mæti til fundarins og taki þátt í þeim þýðingarmiklu ákvörðunum sem fjallað verður um.

Með kveðju,
stjórnirnar.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**TILLAGA.**

Eftirtalin sérgreinafélög innan K.Í. í Reykjavík og någr.

Félag vefnaðarvörukaupmanna
Félag ísl. skókaupmanna
Félag sportvörukaupmanna
Félag snyrtivöruverslana
Félag gjafa- og listmunaverslana
ásamt Einstaklingum

hafa eftir viðræður sín á milli orðið sammála um að sameina félögin í eitt félag undir nafninu "Félag sérvöruverslana"
Aðalfundir allra þessara félaga sem haldnir hafa verið nú í vetur heimiluðu stjórnum sínum að vinna að þessari ákvörðun.

Fyrirvari sem öll félögin höfðu varðandi skipan fulltrúaráðs K.Í. eru nú úr sögunni þar sem aðalfundur K.Í. hefir samþykkt lagabreytingu sem gerir fyrirvarann ónauðsynlegan.

Við undirrituð gerum það því að tillögu okkar að sameiningarfélagið verði stofnað hér og nú.

Reykjavík 16. apríl 1991.

Sigurveig Lúðvíksdóttir
Edda Jóhannsdóttir
Ragnar Guðmundsson
Guðmundur Jóhannsson
Baldvin Örnar Sigurmonsson

samþykkt.

Ár 1991 þriðjudaginn 16. apríl kl 20[30]
var haldinn

STOFNFUNDUR
SAMEININGARFUNDUR,

sex sérgreinafélaga innan K.Í.

Fundurinn var haldinn í fundarsal Kaupmannasamtakanna.

Þau félög sem hér um ræðir voru:

Félag vefnaðarvörukaupmanna
Félag ísl. skókaupmanna
Félag sportvörukaupmanna
Félag snyrtivöruverslana
Félag gjafa og listmunaverslana
ásamt einstaklingum

1. Formaður fél. vefnaðarvörukaupm. Ragnar Guðmundsson setti fundinn og skipaði Guðjón Oddsson sem fundarstjóra en Guðni Þorgeirsson var valinn fundarritari.

Gengið var til dagskrár

2. Greinargerð um sameiningarviðræðurnar.

Hreinn Sumarliðason sem hafði verið formönnum félaganna til aðstoðar við undirbúning að sameiningu félaganna skýrði frá gangi mála, en afar langt er síðan að farið var að ræða um þessa hluti. Vitnaði hann m.a. í 16 ára gamlar skjalfestar heimildir, um tilraunir

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til sameininga, sem strönduðu á ágreiningi um nýtt nafn félagsins.
Þá kom og fram í máli hans að ákvæði laga KÍ um skipan fulltrúa-ráðsins var veruleg hindrun í vegi allra hugmynda um sameiningu.
Þessi hindrun var hinsvegar rutt úr vegi, með lagabreytingum sem samþykktar voru á aðalfundi KÍ þann 13. apríl s.l.
Eftir það var gatan tiltölulega greið. Að vísu höfðu tillögur formanns og framkvæmdastjórnar KÍ gert ráð fyrir að öll sérgreinafélögin sameinuðust í eitt eða kannske tvö Kaupmannafélög, en samstaða hefir ekki náðst um svo víðtæka sameiningu að svo komnu máli. Allt bendir hins-vegar til þess að félögum fækki nú í þessum áfanga úr 15 sérgreinafélögum í 7 og hugsanlega meira síðar.
Erindi greinargerðarinnar er talsvert lengra en það er til og varðveitt orðrétt í skjala-safni KÍ og vísast til þess, ef þurfa þykir.
Að endingu lagði Hreinn fram tillögu þá sem lýnd er hér að framan, og áritað af formönnum þeirra félaga sem hér um ræðir.

3. Umræður - Tillaga.

Ragnar Guðmundsson þakkaði þeim mönnum sem starfað hafa að undirbúningi þessa fundar og dreg sérstaklega Hreini Sumarliðasyni.
Tillagan var borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

4. Lög félagsins

Fundarstjóri bauð að lesa lögin upp. Upplýst var af Hreini að lögin væru stöðluð og samhljóða lögum allra þeirra félaga sem hér eiga hlut að máli, að undanskyldu eftirfarandi:

A. í 1. grein - komi nýtt nafn.
B. í 2. grein, vísi tilvísun í 16. grein
C. í 9. grein, um fulltrúafjölda og
D. í 16. grein um félagssvæði.

Ábending kom fram um það að í 16. grein, á eftir orðunum: 3. gr. B. þyrfti að bæta - laga KÍ.

Það var samþykkt og lögin í heild samþykkt samhljóða að því búnu.

5. Stjórnarkosning og kosning fulltrúa í fulltrúaráð KÍ.

| | | |
|---|---|---|
| Formaður: | Guðmundur Kjartansson | F. sport. |
| Meðstjórn: | Sigurveig Lúðvíksdóttir | F. gjafav. |
| — " — | Edda Hauksdóttir | F. snyrtiv. |
| — " — | Baldvin O. Magnússon | F. skóv. |
| — " — | Magdalena Elísdóttir | F. vefnv. |

Í varastjórn

| | |
|---|---|
| Steinar Waage | F. skóv. |
| Margrét Pálsdóttir | F. einst. |

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Aðalfulltrúar | — | Varafulltrúar |
|---|---|---|
| 1. Edda Hauksdóttir | — FSN — | Bryndís Friðþjófsdóttir |
| 2. Heiða Ármannsdóttir | " | Sóley Stefánsdóttir |
| 3. Sigurður E. Haraldsson | F.V. | Erla Wigelund |
| 4. Ragnar Guðmundsson | — | Bolli Kristinsson |
| 5. Steinar Waage | F.skór. | Ebba Hvannberg |
| 6. Baldvin Ó. Magnússon | — | Ásgeir Ásgeirsson |
| 7. Skúli Jóhannesson | F.gjafav. | Björn Ágústsson |
| 8. Franch Michelsen | F.einst. | Magnús Guðlaugsson |
| 9. Margrét Pálsdóttir | — | Víðir Þorgrímsson |
| 10. Sigurvág Lúðvíksd. | F.gjafav. | Ásgeir S. Ásgeirsson |
| 11. Garðar Siggeirsson | F.V. | Bjarni Sveinbj.s. F.sport. |

Endurskoðendur:
Ebba Hvannberg og
Björn Ágústsson.

6. Önnur mál

Guðmundur Kjartansson hinn nýkjörni formaður, kvaddi sér hljóðs og þakkaði það traust sem honum væri sýnt með kosningu til formanns í félaginu.
Hann flutti síðan hressilegt undirbúið ávarp til félagsmanna og hvatti til dáða og sagðist vilja vera viss um að menn sofnuðu ekki á verðinum.
Sigurður E. Haraldsson ræddi um málefni K.Í. og sagði það ekki neikvætt að starfa fyrir kaupmenn. Hann taldi eftirsjá í gömlu sérgreinafélögunum, það myndi fara eftir málsmeðferð hvort sameiningin yrði til bóta. Hann vonaðist eftir því að eins gott yrði að vera í nýja félaginu eins og því gamla.
Hann varaði við stórsyndinni sumra að lítt ígrunduðu máli. Hreinn var á svipaðri skoðun, en lagði aðaláherslu á góðar óskir um farsæld í framtíðinni.
Þá tók fundarstjóri Guðjón Oddson til máls og lýsti ánægju sinni yfir því að af þessari sameiningu hafi orðið og sagðist sannfærður um að það yrði samtökunum til góðs, og að á endanum yrði bara eitt Kaupmannafélag í Rvk.
Fleira gerðist ekki fundi slitið.

Fundurinn fól fundarstjóra og ritara að ganga frá fundargerð.

Skrá yfir fundarmenn svo og lög félagsins verða límd inn hér á eftir.

Innfært að beiðni og samkvæmt lausblaða bókum Guðna Þorgeirssonar.

Hreinn Sumarliðason
Guðni Þorgeirsson

Guðjón Oddsson
fundarstjóri

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## FÉL. SÉRVÖRUVERZLANA 16.04.91

| NAFN | VERZLUN | SÍMI |
|---|---|---|
| Baldvin Ómar M. | RR-Skór hf. | 686062. |
| Magdalena Elíasd. | Z-Brautin Gluggatjöld | 83070. |
| Margrét Pálsd. | Liverpool | 11135 |
| Jón Páll Grétarsson | Leikbær | 54430 |
| Garðar Siggeirsson | Herragarðurinn | 24205- |
| Ásgeir Bolli Kristinsson | Verzl. sautján | 17155 |
| Ragnar Guðmundsson | Ragnar. herrafataverzl. | 14519 |
| Erla Sigmund. | Verðlistinn | 32642 |
| [illegible] Friðþjófsd. | Nana. | 71644. |
| Edda [illegible]dóttir | Stella h.f. | 13635 |
| [illegible] | ELFUR h.f. | 10765. |
| Franch Michelsen | Franch Michelsen hf. | 28355 |
| [illegible] Waage | S. Waage s.f. | 18519 |
| Guðmundur [illegible] | Sportvöruval | 689520 |
| Sigurveig Lúðvíksdóttir | Kúnígúnd | s. 13469. |

Stöðluð Reykjavík og nágr.

Lög

1. grein.

Félagið heitir Félag sérvöruverslana.
Undirtititll: Fél. vefnaðarvörukaupmanna, Fél. ísl. skókaupmanna, Fél. sportvörukaupmanna, Fél. snyrtivöruverslana, Fél. gjafa- og listmunaverslana og einstaklingar.

2. grein.

Félagssvæði þess Rvk. og nágr. sbr. þó 16. grein.
Heimilisfang og varnarþing er í Rvk.

3. grein.

Tilgangur félagsins er að efla samstarf kaupmanna á félagssvæðinu, vinna að menningu, sóma, hag og sjálfstæði stéttarinnar og stuðla að því að verslun sé rekin á heilbrigðum grundvelli. Félagið skal vera í Kaupmannasamtökum Íslands og telst það og félagsmenn þess vera í Kaupmannasamtökunum. Félagsmenn eru háðir lögum félagsins og Kaupmannasamtaka Íslands, svo og öllum lögmætum breytingum á þeim, fyrirmælum, reglum og fundarsamþykktum á vegum félagsins og Kaupmannasamtaka Íslands, og skuldbinda sig til að hlíta þeim.

4. grein.

Félagsmaður getur sá orðið, sem rekur verslun á félagssvæðinu. Skal hann senda félagsstjórn skriflega umsókn. Ef meirihluti stjórnar samþykkir inntökubeiðnina, telst hann félagsmaður. Ef félagsmaður brýtur gegn hagsmunum félagsins, getur meirihluti stjórnar vikið honum úr félaginu, en leggja skal ákvörðun stjórnarinnar fyrir næsta félagsfund, og þarf 2/3 hluti greiddra atkvæða til þess að brottrekstur sé lögmætur. Hafi félagsmaður eigi haft opna verslun í eitt ár, skal hann tekinn af félagsskrá. Gangi nýjir félagsmenn í sérgreinafélag eða kaupmannafélag innan vébanda K.Í. skal stjórn viðkomandi félags tilkynna það skrifstofu K.Í.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. grein.

Heimilt er að segja sig úr félaginu frá áramótum að telja með minnst sex mánaða fyrirvara, enda sé félagsmaður skuldlaus við K.Í. Úrsögn skal vera skrifleg og afhendast framkvæmdastjóra og er honum skylt að gefa skriflega viðurkenningu fyrir móttöku hennar sé þess óskað. Þó er óheimilt að segja sig úr eða fara úr félaginu meðan vinnudeila (verkbann eða verkfall) stendur yfir. Hætti félagsmaður að versla, fellur iðgjaldagreiðsla hans niður frá næstu mánaðarmótum að telja.

6. grein.

Stjórn félagsins ákveður árgjöld félagsmanna hverju sinni í samráði við stjórn K.Í. Gjöldin renna óskipt til K.Í. sem annast allan rekstur félagsins.

7. grein.

Stjórn félagsins er skipuð 5 mönnum og tveim til vara. Á aðalfundi er formaður kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Meðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára. Eftir lok fyrsta starfsárs ganga tveir meðstjórnendur úr stjórn eftir hlutkesti, en síðan á víxl árlega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Varamenn skulu kosnir til eins árs í senn. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum. Eitt atkvæði fylgir hverri skuldlausri starfsstöð (búð).

8. grein.

Stjórn félagsins er heimilt að skipa, eða láta kjósa menn í nefndir á félagsfundi til að vinna að einstökum hagsmunamálum félagsins.

9. grein.

Aðalfundur skal haldinn fyrir febrúar lok ár hvert. Skal boða til hans með auglýsingu, eða bréfi með viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað. Atkvæðagreiðslur skulu vera skriflegar sé þess óskað.
Eftirfarandi atriði skulu a.m.k. ávallt vera á dagskrá aðalfundar:

1. Skýrt frá störfum félagsins síðasta starfsár og lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
2. Stjórnarkosningar skv. 7. grein.
3. Kosnir 2 endurskoðendur.
4. Kosnir 11 aðalfulltrúar og 11 varafulltrúar í fulltrúaráð K.Í.
5. Önnur mál.



10. grein.

Stjórnin skal boða til félagsfunda, er ástæða þykir til.
Ef 1/5 hluti félagsmanna óskar skriflega eftir félagsfundi um eitthvert mál, skal stjórnin boða til fundar svo fljótt sem verða má.

11. grein.

Breytingar á lögum félagsins má aðeins gera á aðalfundi með samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Lagabreytinga skal geta í fundarboði.

12. grein.

Félaginu verður aðeins slitið á löglegum aðalfundi, og skal geta þess í fundarboði, og þurfa félagsslitin samþykki 3/4 hluta fundarmanna. Ef félaginu er slitið, skulu eignir þess renna til Kaupmannasamtaka Íslands, eða annars félags, sem verði hugsanlega stofnað síðar á félagssvæðinu.

13. grein.

Í gjörðabók félagsins skal rita stutta skýrslu um það, er gjörðist á félagsfundum, einkum allar fundarsamþykktir. Fundargerðirnar skulu lesnar upp í fundarlok og bornar undir atkvæði. Fundarstjóri og fundarritari undirskrifa síðan fundargerðina. Þessi fundarskýrsla skal vera full sönnun þess, sem farið hefur fram á fundinum.

14. grein.

Með tilvísun í II. kafla 3. gr. A laga Kaupmannasamtaka Íslands, heimilast fámennum sérgreinafélögum að kjósa sér 3 manna stjórn í stað 5 manna. Skal þá kjósa formann sér, til eins árs, en meðstjórnendur til 2 ára. Eftir lok fyrsta starfsárs gengur annar meðstjórnandi úr eftir hlutkesti, en síðan á víxl árlega. Tveir varamenn skulu kosnir til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum.

15. grein.

Lög þessi eru stöðluð og samræmd lögum Kaupmannasamtaka Íslands samkvæmt ákvæði 38. gr. laga frá aðalfundi Kaupmannasamtaka Íslands 1985.

Þannig breytt skulu lög þessi lögð fram fyrir aðalfundi sérgreina- og kaupmannafélaga á aðalfundum þeirra 1986.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. grein.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna um félagssvæði þá er þó þessu sameinaða kaupmannafélagi heimilt að skrá á félagaskrá sína þá félagsmenn af landsbyggðinni sem faglega tilheyra einhverju þeirra sérgreinafélaga sem nú mynda þetta félag, en áður höfðu landið allt sem félagssvæði, svo og einstaklinga sem áður tilheyrðu 3. gr. B. lögum KÍ.
Dæmi: T.d. sportvöruverslun á Vestfjörðum o.s.frv.
Iðgjöld viðkomandi reiknast eingöngu þar sem reksturinn hefir lögheimili.

samþykkt.

Guðni Þorgeirsson

Guðjón Oddsson

Fyrsti Stjórnarfundur félags Sérvöruverzlana var haldinn miðvikudaginn 8. maí 1991. kl. 11.00 f.h. í húsnæði KÍ.

Mættir voru Guðmundur Kjartansson Baldvin Ó. Magnússon, Edda Hauksdóttir og Sigurveig Friðriksdóttir, einnig Magdalena Elíasdóttir

Formaður setti fundinn og stýrði honum. Hrönn skrifar fundargerð.

Fyrir var tekið

1. Um reglulega fundi
Ákveðið að halda reglulega fundi annan miðvikudag í mánuði yfir vetrarmánuðina og kl. 09.00 f.h.
Fundir verða boðaðir daginn á undan.

2. Verkefni félagsins: Rætt um helstu málefni félaganna að undanförnu og hvað helst brennur á.
Talað um að samræma skilareglur verzlana, svo og með innleggsnótur.
Einnig um Kortaviðskipti, viðleitni til að fá lækkun þóknunar og stuðning við frumvarp viðskiptaráðherra.
Rætt um að fá einhvern nýju þingmannanna til að taka málið að sér.

3. Rætt um að efla tengsl við miðbæjarsamtökin, og Sigurveig og Edda valdar af hálfu þessa.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

félags. Talað um almenna félagsfund hjá KÍ. Svo og meira um tvíhöfðana.

Samkomulag er um að boða varastjórn ávallt á stjórnarfundi.

**Verkaskipting stjórnar:**

Varaformaður: Sigurveig Lúðvíksdóttir
Ritari: Edda Hauksdóttir
Gjaldkeri: Magdalena Elíasdóttir
Meðstjórnandi Baldvin Ó Magnússon

Upplýst var að kostnaður vegna kreditkorta væri um 700 miljónir MEF. á ársgrundvelli.

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið

Hrefna Gunnarsdóttir ritari

Þriðjudaginn 29. október 1991 haldinn fundur í stjórn Félags sérvöruverslana í húsakynnum K.Í. kl. 11:00 fh.

Mættir: Guðmundur Kjartansson formaður,
Sigurveig Lúðvíksdóttir,
Erla Wigelund,
Clara Waage,
Steinar Waage,
Baldvin Ómar Magnússon.

Fyrir var tekið:

1. Viðræður Bílgreinasambandsins, Félags ísl. stórkaupmanna og Kaupmannasamtakanna.
2. Innkaupaferðir íslendinga til nálægra landa.
3. Önnur mál.

Málsmeðferð:

1. Formaður gerði grein fyrir viðræðum BGS, FÍS, og KÍ. Fram kom að fyrirhugað er að stofna til samstarfs þessara félaga innan tíðar. Tók hann fram að hér væri einungis um að ræða samstarf en ekki samruna félaganna. Tilgangurinn með þessu væri sá að mynda sterkann front verslunarinnar til þess að berjast fyrir mikilvægustu málefnum sem snertu félagsmenn allra félaganna.

2. Miklar umræður fóru fram um þessi mál og greindi Magnús E. Finnsson frá því sem K.Í. hefðu aðhafst í málinu, þ.e. samtöl við ýmsa ráðamenn þjóðfélagsins um málið.
Einnig að það hafi verið óskað eftir því að sérstakur bæklingur yrði afhentur öllum íslenskum farþegum sem færu í þessar sérstöku innkaupaferðir og hefur það verið gert.
Erla Wigelund upplýsti hvað hún hafi sem félagsmaður gert í málinu.
Erla hefur verið mjög dugleg m.a. að skrifa bréf til ráðherra auk þess talað við yfirmenn tollayfirvalda í Keflavík og fleira.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Formaður taldi rétt að vinna þetta mál á þann hátt að ekki væri hrópað á torgum, því hætt væri á því að málið snerist gegn kaupmönnum. Formanni falið að þrýsta áfram á aðgerðir yfirvalda í málinu. Fram kom hugmynd um að halda almennan fund kaupmanna um málið, en fundarmenn töldu það vera vafasamt og höfnuðu því.

3. Rætt var um nýtt frumvarp um greiðslukortaviðskipti. Upplýst var að K.Í. hefðu fengið frumvarpið í hendurnar og unnið væri að því að ná samkomulagi um 12 gr. frumvarpsins.
Fram kom að viðhorf hefðu breyst eftir EES samningana.

28.10.91

**Fundur með fulltrúa Rolf Johansen, Guðnýju Andrésdóttur, v/sölubréfs R.J. til starfsmannastjóra fyrirtækja og stofnana.**

Mættir: Guðmundur Kjartansson formaður Félags sérvöruverslana, Bjarni Finnsson formaður K.Í., Edda Hauksdóttir Félagi snyrtivöruversl., Jóna Sigursteinsdóttir Félagi snyrtivöruversl., Stefán Guðjónsson Fél. ísl. stórkaupmanna og Guðni Þorgeirsson K.Í.

Guðmundur ræddi málið og gaf síðan Guðnýju Andrésdóttur orðið. Hún dreifði lista yfir þau fyrirtæki sem bréfið hafði verið sent til. Hún taldi að það sem þeir hafi verið að gera er að losa sig við ókurant vörur. Hún viðurkenndi að þau hafi ekki átt að senda út svona bréf. Hún telur að þetta sé nokkurskonar útsala á vörum sem ekki hafi selst. Það labbar enginn einkaaðili inn til okkar.

**Niðurstaða.**

Rolf Johansen býður verslununum þessar ákveðnu vörur á niðursettu verði. Ákveðið að Rolf fylgi ekki eftir bréfinu, t.d. með hringingum. Guðný sagði að þessi sala hafi viðgengist undanfarin ár hjá mörgum heildsölum sem seldi vörur til gjafa og fannst henni skrýtið að það skuli ekki hafa verið tekið á þessu fyrr.

**Ákveðið að finna góðan sölutíma fyrir þessar niðursettu vörur og kynna þennan verslunarmáta hjá kaupmönnum til þess að þeir gætu setið að þessari verslun.**

Guðni Þorgeirsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fá að hafa forskot að dreifingu um 3-4 mán á Fríhöfnina.

vantar fundargerð skráða af MEF. að sögn Guðmundar 12/5

Guðrún S. Sigurðardóttir – Apes. Þ.H. 71537.
Ingigerður Jóhannsdóttir – Brá Þ. 12170.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.
Guðni Bergsson

Ár 1992 miðvikudaginn 29. apríl haldinn fundur í stjórn Félags sérvöruverslana í húsakynnum K.Í. kl. 11:00 fh.
Mættir: Guðmundur Kjartansson, Steinar Waage, Sigurveig Lúðvíksdóttir og Magdalena Elísdóttir.

Dagskrá:

1. Verslunarferðir Íslendinga til annarra landa.
2. Þingsályktunartillaga um breytingu á reglum um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna.
3. Vinnureglur verslana varðandi endurgreiðslu á vöru, skilafrest, innleggsnótu, galla í vöru o.fl.
4. Önnur mál.

Málsmeðferð:

1. Umræður fóru fram um málið og samþykkt að skipa nefnd þriggja aðila til þess að vinna með skrifstofunni að því að kanna umfang málsins. Eftirtaldir aðilar tilnefndir:
Sigurveig Lúðvíksdóttir, Erla Wigelund og Baldvin Ómar Magnússon.

2. Samþykkt að mæta með samþykkt tillögunnar en leitað hafði verið eftir umsögn K.Í.

3. Samþykkt að skipa nefnd til þess að gera tillögu í málinu. Eftirtaldir aðilar skipaðir:
Steinar Waage, Magdalena Elísdóttir og Edda Hauksdóttir.

4. Rætt var um að ræða við umboðsaðila SAS á Íslandi og Guðna í Sólarflugi um sérsamninga á flugfargjöldum fyrir félagsmenn.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Magnús E. Finnsson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Félag sérvöruverslana. Snyrtivörudeild.

Ár 1992 miðvikudaginn 26 febrúar kl 19⁰⁰
haldinn fundur í húsakynnum
Kaupmannasamtaka Íslands í
Húsi verslunarinnar.

Guðni Þorgeirsson setti fundinn og
stjórnaði honum en auk hans mætti
Baldvin Hafsteinsson lögfræðingur á
vegum K.Í.

Dagskrá:

Fyrir fundinum lá aðeins eitt mál.
Umfjöllun um bréf frá David Pitt & Co. en
það er uppkast að samskiptasamningi milli
verslana sem versla með umboðsvörur Davíðs þar
sem hann er umboðsmaður húðsnyrtivöru fyrirtækisins
með vörumerkinu Clarins.

Efni bréfsins tekið til umfjöllunar og eftir
ítarlegar umræður var ákveðið að skipa
þriggja manna nefnd, sem ynni að
bættum samskiptum milli smásala og
heildsala.
Nefndin var skipuð eftirtöldum.
Guðrún Ingólfsdóttir Versl. Clara S. 68903.
Guðrún J. Sigurðardóttir – Apes. s.v. 72525.
s.h. 71537.
Ingigerður Jóhannsdóttir – Brá s. 12170.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.
Guðni Þorgeirsson

---

Ár 1992 miðvikudaginn 29. apríl haldinn fundur í stjórn Félags sérvöruverslana í húsakynnum K.Í. kl. 11:00 fh.
Mættir: Guðmundur Kjartansson, Steinar Waage, Sigurveig Lúðvíksdóttir og Magdalena Elísdóttir.

Dagskrá:

1. Verslunarferðir Íslendinga til annarra landa.
2. Þingsályktunartillaga um breytingu á reglum um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna.
3. Vinnureglur verslana varðandi endurgreiðslu á vöru, skilafrest, innleggsnótu, galla í vöru o.fl.
4. Önnur mál.

Málsmeðferð:

1. Umræður fóru fram um málið og samþykkt að skipa nefnd þriggja aðila til þess að vinna með skrifstofunni að því að kanna umfang málsins. Eftirtaldir aðilar tilnefndir:
   Sigurveig Lúðvíksdóttir, Erla Wigelund og
   Baldvin Ómar Magnússon.

2. Samþykkt að mæta með samþykkt tillögunnar en leitað hafði verið eftir umsögn K.Í.

3. Samþykkt að skipa nefnd til þess að gera tillögu í málinu. Eftirtaldir aðilar skipaðir:
   Steinar Waage, Magdalena Elísdóttir og Edda Hauksdóttir.

4. Rætt var um að ræða við umboðsaðila SAS á Íslandi og Guðna í Sólarflugi um sérsamninga á flugfargjöldum fyrir félagsmenn.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Magnús E. Finnsson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fá að hafa Jorskob að
drupingu um 3-4 man
á Þríkófnina.

vantar fundargerð skráða
af MEF. að sögn
Guðmundar 12/5

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# AÐALFUNDUR

## FÉLAGS SÉRVÖRUVERZLANA 1992

Þriðjudaginn 12 maí kl 10³⁰ í húsnæði Kaupmannasamtaka Íslands, Húsi Verzlunarinnar.

Formaður félagsins Guðmundur Hjartarson setti fundinn og bauð menn velkomna.

Hann tilnefndi Hrein Sumarliðason sem fundarstjóra og Guðna Þorgeirsson ritara

Fundarstjóri úrskurðaði fundinn löglegan þar sem löglega væri til hans boðað.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið

1. SKÝRSLA STJÓRNAR Sem formaður flutti þar kom fram m.a. haldnir höfðu verið fimm stjórnarfundir á starfsárinu, fjallað var um innkaupaferðir almennings til útlanda, skipuð fimm manna nefnd sem ætlað er að skili áliti í haust.

Viðræður eru í gangi við kortafyrirtækin og tekið hefir verið á tveimur málum sem snerta snyrtivöruhópinn, og viðhorf til vöruskila og skipta í athugun.

Nokkrar umræður urðu um skýrsluna og. Sigurður E. Haraldsson, hóf mál sitt á því að bera saman orðalag fundarboðs fél. sérverzlana og samtakanna Ísl. Verzlun. Í því fyrra er talað um húsnæði KÍ, en í hinu síðara er sama húsnæði kallað fundarsalur Ísl. verzlunar. Svo nokkuð búið að afsala húsnæðinu

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Síðan ræddi hann um innkaupa ferðir til útlanda og hvernig fólk kæmi sér undan greiðslu virðisaukaskatts.
Hann spurði ennfremur um val í nefndina sem kæmu á málið og saknaði þess að Erla Wigelund væri ekki þar.
Guðni upplýsti að í nefndinni væru Magnús E. Finnsson, Sigurveig Lúðvíksdóttir og Baldvin Ó. Magnússon.

2. STJÓRNARKOSNING

Formaður til eins árs var endurkjörinn Guðmundur Kjartansson.

Meðstjórnendur Edda Hauksdóttir og Magdalena Elísdóttir, kosnar 1991 til 1993.
Sigurveig Lúðvíksdóttir og Baldvin Ó. Magnússon gengu úr stjórn eftir hlutkesti samkv. lögum en voru síðan bæði endurkjörin til tveggja ára.

Varastjórn: Kosningu hlutu Erla Wigelund og Margrét Pálsdóttir

Endurskoðendur
Ebba Hvamberg og
Björn Ágústsson

Því næst skyldi kjósa 11 aðalfulltrúa og 11 til vara í fulltrúaráð KÍ. Tillaga kom um óbreyttan lista ~~samþ~~

| Aðalfulltrúar | | Varafulltrúar |
|---|---|---|
| 1. Edda Hauksdóttir | FSN | Bryndís Friðþjófsdóttir |
| 2. Heiða Jónsdóttir Formannsd. | —"— | Sóley Stefánsdóttir |
| 3. Sigurður E. Haraldsson | F.V. | Erla Wigelund |
| 4. Ragnar Guðmunds. | —"— | Bolli Kristinsson |
| 5. Steinar Waage | F. Skó | Ebba Hvamberg |
| 6. Baldvin Ó. Magnússon | —"— | Ásgeir Ásgeirsson |
| 7. Skúli Jóhannesson | F. Gjafav. | Björn Ágústsson |
| 8. Sigurveig Lúðv. | —"— | Ásgeir S. Ásgeirsson |
| 9. Franch Michelsen | F. Einst. | Magnús Guðlaugsson |
| 10. Margrét Pálsdóttir | —"— | Viðir Þorgrímsson |
| 11. Garðar Siggeirsson | F.V. | Bjarni Sveinbjörnsson F. Sport. |

og var sú tillaga ~~samþykkt~~ samhljóða.

3. ÖNNUR MÁL

Spurt var um hve mörg fundarboð hefðu verið send út og Hreinn upplýsti að þau hefðu verið 93 talsins.
Fundarmenn voru húsvegar 10 talsins að ótöldum starfsmönnum.
Allir tóku þátt í umræðum, sem snérust m.a. um: Stöðumæla, starf Þróunarfélagsins, Kortafyrirtækin, tryggingar og möguleika á fleiri gjalddögum útgjaldanna, E.E.S o.fl.
Fundi slitið
Innfært að beiðni Guðna Þorgeirssonar og eftir lausblaðabókum hans, svo og eftir heimild aðalfundarins sjálfs.

Hreinn Sumarliðason fundarritari
Guðni Þorgeirsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÁR 1992 MIÐVIKUDAGUR 14. OKTÓBER HALDINN STJÓRNARFUNDUR FÉLAGS SÉRVÖRUVERSLANA Í HÚSAKYNNUM K.Í.

Mættir: Sigurveig Lúðvíksdóttir, Baldvin Ó. Magnússon, Magdalena Elísdóttir, Steinar Waage og Magnús E. Finnsson.

Sigurveig Lúðvíksdóttir varaformaður setti fundinn í fjarveru formanns Guðmundar Kjartanssonr en hann er nú hættur rekstri verslunar og hefur því sagt af sér formennsku í félaginu. Gengið var til dagskrár og fyrir tekið.

1. <u>Reglur um vöruskipti og skil.</u>

Lagðar voru fram reglur frá Hagkaupum um skipti og skil á vörum. Samþykkt var að endurskoða þær reglur með tilliti til þeirra athugasemda sem fram komu frá fundarmönnum og senda stjórnarmönnum til umsagnar.

2. <u>Innkaupaferðir.</u>

Magnús greindi frá athugun sem Háskóli Íslands er að gera í samstarfi við K.Í. á umfangi verslunarferða íslendinga til útlanda. Þá var getið um bréf ÍSLENSKRAR VERSLUNAR til VR vegna þessa máls. Fram kom hugmynd frá formanni K.Í. um að halda almennan fund í félaginu þar sem Sigurður Gísli Pálmason frá Hagkaup yrði fenginn til þess að hafa framsögn.
Samþykkt var að stefna að slíkum fundi 28. október n.k., kl. 08:30.

3. <u>Rýrnun í verslun.</u>

Magnús gerði grein fyrir svokölluðum forvarnardögum v/rýrnunar í verslun sem K.Í. gangast fyrir nú á næstunni eða 21.-22. og 23. október. Þá gat hann þess að smásöluverslunin hefði náð samkomulagi um meðferð ávísana í verslun og yrðu reglur þar að lútandi sendar til félagsmanna innan tíðar.

4. <u>Menntamál.</u>

Rætt var um stefnu og starf K.Í. í menntamálum og samstarf við Vinnuveitendasambandið og sérskipaða nefnd K.Í. í þeim efnum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÁR 1992 ÞRIÐJUDAGINN 24. NÓVEMBER HALDINN MORGUNFUNDUR KL. 08:00 UM INNKAUPAFERÐIR ALMENNINGS TIL ÚTLANDA HJÁ FÉLAGI SÉRVÖRUVERSLANA Í HÚSAKYNNUM K.Í., HÚSI VERSL.

Mættir 19 félagar.

Í forföllum fjármálaráðherra Friðriks Sophussonar mætti aðstoðarmaður hans Steingrímur Ari Arason.

Fundarstjóri var Steinar Waage í forföllum formanns Sigurveigar Lúðvíksdóttur.

Framkvæmdastjóri Magnús E. Finnsson opnaði umræðuna og lýsti vandanum en sumir kaupmenn segja að minnkun sölu sé ca. 40-60% miðað við síðasta ár.

Steingrímur Ari talaði næstur.
Hann taldi að það sem þyrfti að gera væri að skapa sama rekstrarumhverfi og aðrar verslanir hafa í samkeppnislöndunum.

Rætt um: verslunarumsvif í Keflavík, sölu á gasgrillum og snyrtivörum, tollgæslu og þegar tollgæslan vill skoða hjá farþegum, þá er talað um móðgun við farþega.

Síðan töluðu eftirtaldir:

Bjarni Finnsson formaður, Steinar Waage, Bolli Kristinsson, Sigurður E. Haraldsson, Birna Ketilsdóttir, Ragnar Guðmundsson og Björn Ágústsson.

Á meðan að jafnmikið ber á milli í viðskiptunum þá er ekki hægt að ætlast til að farþegum í innkaupaferðum fækki.

Spurningin er hvort ekki þurfi að taka upp ákveðin vinnubrögð, t.d. að skoða 10., 20. eða 30. hvern farþega eða þá eina og eina vél.

Tollar detta niður ef við göngum í EES en þá verða vörugjöld tekin upp svo að skattlagning verður lík.

Björn upplýsti að
fríhöfnin seldi tuttugu þúsund úr á ári og að
flughafnaraðilar væru eins og umboðsaðilar.

<u>Spurningar:</u>

Hefur fulltrúi ríkisins fylgst með því hvernig tollgæslan fer fram?

Er ekki eðlilegt að leggja virðisaukaskatt á verslunina í fríhöfninni?





Það skiptir þjóðina og starfandi fólk í verslun hvort störfin fari öll úr landinu.

Magnús: Það er verið að gera könnun á umfangi innkaupa í verslunarferðum.
Könnunin fer fram á vegum Félagsvísindadeildar Háskólans og er hún kostuð að hluta til af K.Í.

Eftir nokkra umræðu um spurningarnar o.fl. var fundi slitið.

G.Þ.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## AÐALFUNDUR

### FÉL. SÉRVÖRUVERZLANA 1993.

Miðvikudaginn 16.3. kl. 10⁰⁰ f.h. var haldinn aðalfundur félags sérvöruverzlana í húsnæði Kaupmannasamtaka Íslands, Húsi verzlunarinnar, Rvk.

Formaður félagsins Sigurveig Lúðvíksdóttir setti fundinn og tilnefndi Svein Sumarliðason sem fundarstjóra og Margréti Pálsdóttur sem ritara.

Fundurinn var lögmætur þar sem löglega var til hans boðað.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið

1. SKÝRSLA STJÓRNAR. Hana flutti Sigurveig formaður. Fram kom m.a. að mikið var rætt um innkaupaferðir Íslendinga til útlanda, að könnun hafi verið gerð á umfangi þeirra af fulltrúum Háskóla Íslands, fjallað var um reglur varðandi skilarétt á vörum svo breytingar á endurgreiðslurétti útlendinga á virðisaukaskatti, að KÍ gekkst fyrir ráðstefnu til að fjalla um opnun í verzlunum svo og rætt við hann, fjallað var um menntun starfsfólks og um framkvæmd tollgæslu.
Engir sérreikningar eru fyrir félagið og skýrslan var staðfest án athugasemda af þeim 10 fundarmönnum sem mættir voru.

2. STJÓRNARKOSNING

Formaður til eins árs var kosinn Baldvin O. Magnússon

Meðstjórnandi til eins árs í stað Baldvins Margrét Pálsdóttir

Meðstjórnendur til tveggja ára þau Edda Hauksdóttir og Steinar Waage

Ásamt þeim situr í aðalstjórn Sigurveig Lúðvíksdóttir, kosin 1992 til 2ja ára.

VARASTJÓRN kosningu til eins árs hlutu Erla Wigelund og Garðar Siggeirsson

Endurskoðendur Ebba Hvannberg og Björn Ágústsson

| AÐALFULLTRÚAR | VARAFULLTRÚAR |
|---|---|
| 1. Edda Hauksdóttir | Sigríður Bjering |
| 2. Jóna L. Sigursteinsd. | Sóley Stefánsdóttir |
| 3. Sig. E. Haraldsson | Erla Wigelund |
| 4. Ragnar Guðmundsson | Bolli Kristinsson |
| 5. Steinar Waage | Ebba Hvannberg |
| 6. Baldvin O. Magnússon | Ásgeir Ásgeirsson |
| 7. Skúli Jóhannesson | Björn Ágústsson |
| 8. Franch Michelsen | Magnús Guðlaugsson |
| 9. Margrét Pálsdóttir | Viðar Þorgrímsson |
| 10. Sigurveig Lúðvíksd. | Karólína Sveinbjörnsd. |
| 11. Garðar Siggeirsson | Hilmar Þorkelsson |

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## 3. ÖNNUR MÁL

Baldvin Ómar nýkjörinn formaður flutti fundinum þakkir sínar fyrir auðsýnt traust, og hét á félagana að standa vel að baki sér í þeim málum sem fyrir yrðu tekin.

Sigurður E. Haraldsson þakkaði þáfarandi formanni fyrir að hlaupa í skarðið þegar Guðm. Kjartansson hætti, og það án fyrirvara eða undirbúnings.

Hann óskaði nýkjörnum formanni heilla, og sagðist vænta þess að sjá hann setjast í framkvæmdastjórn KÍ.

Að því loknu flutti hann þarfa hugvekju byggða á reynslu og yfirsýn um hin margslungnu viðfangsefni í þágu kaupmanna.

Garðar Siggeirsson tók undir margt sem Sigurður sagði, einkanlega það að kaupmenn á Íslandi ættu í samkeppni við alla Evrópu. Hann taldi Íslendinga komna á svartan lista í Þýskalandi og víðar vegna vanskila.

Fram kom m.a. að 101 aðili hefði fengið send fundarboð og aðsóknin því nálægt 10%.

Fundarstjóri óskaði síðan nýkjörnni stjórn velfarnaðar, þakkaði stjórn þáfarandi, svo og fundarmönnum öllum komuna og prúðmannlegan fund. Fundi slitið kl. 11[30] f.h.

Innfært eftir lausblaðabókum Margrétar

Hreinn Sumarliðason, fundarstjóri

Margrét Pálsdóttir

Föstudaginn 21.5. 1993. kl 09.[30] var haldinn stjórnarfundur í fél. Sérverslunareigenda í húsnæði Kaupmannasamtaka Íslands. H.S.

Mætt voru: Baldvin Ómar Magnússon, Margrét Pálsdóttir og Sigurvig Friðriksdóttir

Hreinn Sumarliðason ritar fundargerð. [einnig]

Formaður félagsins Baldvin Ómar setti fundinn og stýrði honum.

Fyrir var tekið:

1. Fundargerð aðalfundar lesin og staðfest, með undirritun.

2. VERKASKIFTING STJÓRNAR.

Varaformaður var valin: Sigurvig Friðriksdóttir
gjaldkeri: – – Steinar Waage
ritari : Margrét Pálsdóttir
meðstjórnandi: Edda Hauksdóttir

3. Önnur mál: Lögð fram til yfirlestrar skýrsla um útgjöld ísl. ferðamanna erlendis. Talað um að efni hennar verði rætt á næsta fundi, og hvernig hún verði hagnýtt og birt.

Rætt einnig að halda fund aftur í lok júní og að boða varamenn á stjórnarfundi.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið

Hreinn Sumarliðason

Baldvin Ómar M.

Margrét Pálsdóttir

Sigurvig Friðriksdóttir

[signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 29. júní kl $8^{30}$ var haldinn stjórnarfundur í félagi Sérvörukaupmanna

Mættir voru Erla, Steinar, Garðar, Edda
Margrét, ~~Sigurlaug~~ Sigurvig og Baldvin

Sigur~~laug~~vig vara formaður setti fundinn og stjórnaði.
Ræddar voru reglur um vöruskil og voru þær samþykktar
Formaður mætti á fundinn og tók við fundarstjórn
Ræddar voru niðurstöður kannana um innkaupaferðir íslendinga erlendis.
Fundarmenn eru ósáttir vegna þess að þeir sem stóðu að þessari könnun, kynntu hana fjölmiðlum án samráðs við stjórn K. Í. og vill fundurinn beina þeim tilmælum til stjórnar K. Í. að hún vinni að kynningunni á bak við tjöldin við stjórnvöld og ráðamenn landsins.
Miklar umræður voru um stöðu sérvöru verslana, þjónustu þeirra og sérstöðu.
Samþykkt var að ræða þetta mál betur á næsta fundi.
Fundi slitið kl $10^{00}$, næsti fundur boðaður þriðjudaginn 27. júlí kl $8^{30}$

Erla Wigelund

Margrét Pálsdóttir
Sigurvig Lúðvíksdóttir
Baldvin Ómar Magnússon
[illegible]
[illegible]

Ár 1993 Þriðjudaginn 27. júlí kl $8^{30}$ haldinn Stjórnarfundur í félagi Sérvörukaupmanna.

Mættir voru. Erla, Baldvin Sigurvig og Margrét.
og Garðar.

Baldvin Ó. Magnússon formaður setti fundinn og stjórnaði.

Rætt um kynningu á sérvöruverslunum ákveðið að ræða það betur í byrjun ágúst og þá jafnvel að tala við Flugleiðir og Stöð tvö.

Debetkort voru rædd og voru fundarmenn sammála um að standa saman um stuðning við stefnu Kaupm.samtaka Íslands í því máli.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson ritari.
Baldvin Ómar Magnússon
Sigurvig Lúðvíksdóttir
Margrét Pálsdóttir
Garðar Siggeirsson
Erla Wigelund

Miðvikudaginn 23. febr. 1994. var haldinn stjórnarfundur í Fél. sérvöruverzlana í húsnæði K.Í. Húsi Verzlunarinnar. kl. $9^{00}$ fh.

Mættir voru: Baldvin, Steinar, Margrét, Edda, Erla og Hreinn sem ritar fundargerð

Formaður stjórnar Baldvin Ó setti fundinn og stýrði honum.

Áður en gengið var til dagskrár var almennt rætt um verðlag í útlöndum, um samdrátt í verzl. í þjóðfélaginu um áróður um fyrir að kaupa íslenzkt, um kostnað af því átaki, síðan

1. Undirbúningur aðalfundar félagsins. Formaður útskýrði og afsakaði, annríki sitt við annað en stjórn félagsins. Rætt var um debet kortin. Fram kom að þar sem debetkort fara fyrir slysni í gegnum posa í verzlun, þá er kúnninn skuldfærður en Visa neitar verzluninni um að fá greiðsluna til sín. Þetta þarfnast ítarlega könnunar og alvarlegra viðbragða. Dagsetning aðalfundar rædd. Ákveðið að boða fundinn þriðjudag 29/3 kl $9^{00}$ fh.

2. Rætt um hugsanlega kandidata til formanns og eða í stjórn, svo og nauðsyn þess að efla starfsemi félagsins. Ábendingar teknar til umfjöllunar. Formanni falið að undirbúa aðalfund með viðræðum við félagsmenn, og símasambandi við stjórnarmenn!

3. Rætt um að auglýsa sameiginlega, verzlið heima – styrkjum atvinnulífið á Íslandi, góð hugmynd sem vinna ber úr.

Margt fleira bar á góma sem ekki er fært til bókar.

Fundi slitið.

Hreinn Sumarliðason ritari
Baldvin Ó. M.
Margrét Pálsdóttir
[signature]
Erla Wigelund
[signature]

undirbúninginn yrði að tryggja svo fljótt sem hægt væri og eins kom upp fyrirspurn um „LOGO" herferðarinnar. Það er mál sem að taka þarf upp. Herferðin „ÍSLENSKT – JÁ TAKK" þarf að ná til verslunar jafnt sem annarra greina atvinnulífsins og forystumenn félaga eins og BSRB og VR sem jafnt eru í stjórn verkalýðsfélaga og ferðaskrifstofa verði boðaðir á fund með félaginu sem gerir grein fyrir okkar sjónarmiði með tilliti til atvinnumála innanlands og tekjutapi ríkissjóðs.

Einnig var rætt um taumlausa heimaverslun sem er grunuð um að vera ekki uppgefin til yfirvalda og óskað eftir að fólk komi fram með ábendingar um verslun af því tagi við skrifstofu K.Í. því þeir munu reyna að fylgja því eftir.

Verslunarleyfi sem allir aðilar sem stunda verslun er lítið sem ekkert fylgt eftir í innheimtu og bent á að yfirvöldum væri nær að ganga eftir að innheimta þau gjöld frekar en að láta kaupmenn leggja í mikinn aukakostnað við ljósritanir á fylgiskjölum til að sanna sakleysi sitt í bókhaldi.

Farið var fram á að senda ljósrit af félagatali í félagi sérvöruverslana til félagsmanna svo og að tilkynna þeim aðilum sem kosnir voru til starfa fyrir félagið yrði sent bréf þar um.

Loks var samþykkt tillaga frá fundinum þess efnis til framkvæmdastjórnar:

SVOHLJÓÐANDI.

Að framvegis verði báðir aðal- og varafulltrúar boðaðir til fundar. Menn líta svo á að aukin fundarboð og upplýsingastreymi sé af hinu góða og fjölbreyttari umræður sé þörf. Eins væri aukin samskipti milli greina verslunar nauðsynlegar með tilliti til atvinnu og áróðurs-herferðar.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið um kl. 10[30]

Sigurveig Guðmundsdóttir.
fundarritari.

Stjórnarfundur í félagi sérverzlana var haldinn þriðjudaginn 26.4.94. kl. 9.30 í húsnæði K.Í. húsi verzlunarinnar.

Formaður stjórnar Baldvin Ó Magnússon setti fundinn og stýrði honum.

Mætt voru auk hans, Sigurveig, Edda, Björn og Steinar sem ritar fundargerð.

Fyrir var tekið

1. Magnús E Finnsson, kom til fundarins og greindi frá niðurstöðum í debetkortamálinu. Hann dreifði ljósrituðum upplýsingum.

Hann rakti gang mála frá upphafi til loka. Hjálagt verður límt inn í bókina blað með tölulegum upplýsingum.

Næst er til að semja megi við Póst og síma um lækkun kostnaðar við „posaþjónustuna".

2. Verkaskipting stjórnar:

varaformaður: Edda Hauksdóttir
gjaldkeri: Björn Ágústsson
ritari: Sigurveig Lúðvíksdóttir
meðstjórnandi: Steinar Waage.

3. Auglýsingaherferð.

Verzlið heima, tryggið atvinnu – málið reifað, hugmynd um að óska eftir styrk frá sveitarstjórnum til átaksins.

Senda bréf til allra kaupmanna með ósk um sama.

Hvað um samvinnu við V.R og F.Í.S.

Ýmsum tillögum velt upp óformlega, mikill hugur var í stjórninni.

Óskað eftir því að MEF semji bréf og kynni fyrir stjórninni áður en það verði sent út.

Talað um að átakið verði í ágúst í kjölfar fyrirhugaðra Reykjavíkurdaga.

Talað um að KÍ sendi fyrirspurn til Flugleiða um hvort rétt sé að viðskiptavinir þeirra í tollfrjálsum geti síðan skipt vörum eftir á á skrifstofu félagsins, og hvernig það samræmist t.d. tollalögum.

Einnig var talið æskilegt að fá svör um og samanburð á reglum sem gilda um heimild til að kaupa tollfrjálsan varning í stuttum og eða löngum utanlandsferðum.

Sumstaðar þurfa farþegar að vera í burtu í 36 tíma til þess að öðlast undanþáguréttinn.

Fleira ekki fyrir tekið – fundi slitið

Magnús E Finnsson
Sigurveig Lúðvíksdóttir
Edda Hauksdóttir
Baldvin Ómar M.
[illegible signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19.04.94

**Ramma samkomulag Kaupmannasamtaka og samstarfsaðila við banka og sparisjóði, Rásnefndina, um debetkortaviðskipti.**

1. Þjónustugjald verði 0.2 - 0.8% af debetkortaveltu.
2. Lágmarksgjald verði 6,- kr. á hverja færslu.
3. Hámarksgjald verði 110,- kr. á hverja færslu.
4. Leiga fyrir afnot af "Posa - tækjum" verði 1.750,- kr. á mánuði.
5. Þóknun kreditkortaviðskipta lækki um 7.75%

   1/3 hluti lækkunar komi til framkvæmda strax.

   1/3 hluti þegar færslufjöldi nær 500.000 færslum á mánuði, þó eigi síðar en eftir 6 mánuði.

   1/3 hluti þegar færslur hafa með 1.000.000 þó eigi síðar en eftir 12 mánuði.
6. Andvirði viðskipta sem greidd eru með debetkortum á laugardögum og sunnudögum verði til ráðstöfunar á reikningi söluaðila á mánudagsmorgni.
7. Stofnuð verði tækninefnd sem beiti sér fyrir lækkun símakostnaðar, og fylgist með tækniþróun á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar.

**VIÐMIÐUNARTÖLUR VEGNA ÞJÓNUSTUÞÓKNUNAR AF DEBETKORTUM.**

| ÞJÓNUSTUÞÓKNUN AF KREDITKORTUM | | ÞJÓNUSTUÞÓKNUN AF DEBETKORTUM. |
|---|---|---|
| 0.9-1.0% | verður | 0.20% |
| 1.1-1.3% | " | 0.29% |
| 1.4-1.6% | " | 0.38% |
| 1.7-1.9% | " | 0.47% |
| 2.0-2.2% | " | 0.56% |
| 2.3-2.5% | " | 0.65% |
| 2.6-2.8% | " | 0.74% |
| 2.9% ----> | " | 0.80% |

**ÞJÓNUSTUGJÖLD AF DEBETKORTUM.**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | 0.7% | - | 1.7% | |
| | 0.5% | - | 1.5% | |
| 250% | | | | 113% |
| | 0.2% | - | 1.2% | |
| | 0.2% | - | 0.8% | |

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25. OKTÓBER 1994

STJÓRNARFUNDUR.

FORMAÐUR SETTI FUND, OG KYNNTI ÁTAKIÐ TRYGGJUM ATVINNU, VERSLUM HEIMA, SEM FÉLAG SÉRVÖRUVERSLANNA ÝTTI ÚR VÖR þ.s. OKKAR FÉLAG. ÁTAKIÐ MUN byrja 28.10. FORMLEGA Í GEYSISHÚSINU. FJÁRMÖGNUN GENGUR VEL TIL ÁRÓÐURSSTARFSINS, KOMNIR M.A. 300.000 PLASTPOKAR MEÐ MERKI ÁTAKSINS SEM DREIFA Á, ÁSAMT LÍMMIÐUM, UNNAR SKJÁAUGLÝSINGAR OG FLEIRA.

Á FUNDINN MÆTTI JÓHANNA BIRGISDÓTTIR SEM ER STARFSMAÐUR ÁTAKSINS OG GERÐI GREIN FYRIR STARFINU.

ÁKVEÐIÐ VAR AÐ FUNDIR Í FÉL. SÉRV. VERSL. VERÐI FYRSTA ÞRIÐJUDAG Í MÁNUÐI KL. 9$^{00}$. NÆSTI FUNDUR YRÐI ÞÓ ANNAN ÞRIÐJUDAG Í NÓV.

Á FUNDINN MÆTTU BALDVIN, SIGURVEIG, ERLA

Björn [illegible]

Baldvin M

Erla Wigelund

Sigurveig [illegible]

6. NÓVEMBER 1994

STJÓRNARFUNDUR

FORMAÐUR SETTI FUND, RÆDD VORU MÁL SEM HÆST VORU Í NÓV, ÁTAKIÐ VERSLUM HEIMA, STÓÐ ÞAR UPP ÚR. ÞÓTTI FUNDARMÖNNUM ÞAR TAKAST VEL TIL, ÝMISLEGT HAFI MÁTT FARA BETUR, T.D. AÐ ÞÁTTTAKA V.R. VAR ENGIN, SEM VAKTI FURÐU MANNA. ÁKVEÐIÐ VAR AÐ JÓHANNA BIRGISDÓTTIR SKILAÐI SKÝRSLU UM ÁTAKIÐ.

RÆTT SKYLDI VIÐ K.Í. UM AÐ YFIRTAKA ÁTAKIÐ Í FRAMTÍÐINNI.

NÆSTI FUNDUR ANNAN ÞRI JANÚAR '95

Björn [illegible]

Erla Wigelund

[illegible]

Baldvin Örn M.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10-1 '95.

Stjórnarfundur.

Jóhanna Birgisdóttir er ekki tilbúin með skýrslu fyrir átakið „verzlum heima" það er búið að ítreka tvisvar. Það lítur út fyrir að átakið skili hagnaði og horfur eru á að afgangur verði fyrir átak sem gæti hafist ~~strax~~ snemma þetta ár. Hugmyndir komu fram um að Kaup.m.samtökin standi fyrir átakinu næst. Jafnvel ágúst mánuður gæti orðið hentugur tími til upphafs átaks.

Aðalfundur var til umræðu og var marz-mánuður til umræðu. ~~Fyrsti~~ Dagsetning var ákveðin 14. marz '95. En fundur var ákveðin í febrúar '95.

Edda Hauksdóttir hafði við orði í samtali við Baldvin Ómar að endurskoða mannskap í stjórn fulltrúaráðs og bað um að umræða þar að lútandi yrði gerð á næsta fundi.

Virðisaukaskattsmál barn hitt á fólki og skil á honum til yfirvalda.

Fleira gerðist ekki.

Sigurveig Guðmundsdóttir
Erla Wigelund
Baldvin Ómar M.
[signature]

14. februar 1995

Stjórnarfundur:

Mættir Baldvin Ómar, Sigurveig, Björn og Edda.
Edda var skipuð fundarritari. Til umfjöllunar var yfirlit lagt fram í sambandi við átakið "Verzlum heima - byggjum áfram" Voru fundarmenn sammála um, að tvímælalaust ætti að halda áfram á sömu braut, og skipuleggja það þannig að átakið yrði í gangi allan ársins hring.
Einnig var tekið til umræðu fyrirhuguð hækkun á stöðumælagjöldum í miðborginni og ~~styttingu~~ lenging á gjaldtöku tíma, og var þeim harðlega mótmælt og var lagt til að K.Í. mótmælti kröftuglega þessari auknu gjaldheimtu við borgaryfirvöld.
Ákveðið var að halda aðalfund félagsins þann 9. marz '95 kl 9 f.h.
Fleira ekki gert og fundi slitið.

Edda Hauksdóttir
Baldvin Ómar M.
Sigurveig Guðmundsdóttir
[signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# AÐALFUNDUR

## FÉL. SÉRVÖRUVERZLANA 1995.

Haldinn fimmtudaginn 9. maí. 95 kl. 09. f.h. í húsnæði K.Í. Rvk.

Formaður félagsins Baldvin Ómar Magnússon setti fundinn, tilnefndi Hrein Sumarliðason fundarstjóra og Guðna Þorgeirsson ritara.

Fundarstjóri úrskurðaði fundinn lögmætan enda löglega til hans boðað.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið.

1. SKÝRSLA STJÓRNAR flutt af formanni:

1. FUNDARSETNING,
FUNDARSTJÓRI . HREINN
FUNDARRITARI . GUÐNI

SKÝRSLA STJÓRNAR.

Á LIÐNU VORU HALDNIR FUNDIR REGLULEGA SAMTALS AÐ LOKNUM SUMARLEYFUM HAFA VERIÐ HALDNIR FUNDIR FYRSTA ÞRIÐJUDAG Í HVERJUM MÁNUÐI OG HEFUR ÞAÐ REYNST VEL.

HELSTU VIÐFANGSEFNI Á LIÐNU ÁRI VORU DEBETKORTAMÁLIN SEM KAUPMANNASAMTÖKIN HÖFÐU FORYSTU UM. EN LJÓST ER AÐ ÞVÍ VERKI ER EKKI LOKIÐ. ÞAR SEM VISA ÍSLAND HEFUR ÞVERBROTIÐ ÞÁ SAMNINGA SEM GERÐIR VORU OG BJÓÐA KAUPMÖNNUM ALLT AÐRA SKILMÁLA EN UM VAR SAMIÐ.

STÆÐSTA VIÐFANGSEFNI OKKAR VAR ÁTAKIÐ VERSLUM HEIMA TRYGGJUM ATVINNU SEM VAR KYNNT Í HAUST OG ÞRUFUKEYRT. EKKI ER HÆGT ANNAÐ EN AÐ VERA ÁNÆGÐUR MEÐ HVERNIG TIL TÓKST. ÞÓ MARGT HEFÐI MÁTT LAGA.KAUPMENN TÓKU MARGIR HVERJIR VEL VIÐ SÉR OG SÝNDU ÁTAKINU MIKINN ÁHUGA OG GERÐU ÞVÍ GÓÐ SKIL Í VERSLUNUM SÍNUM. LOGO VAR HANNAÐ AF AUGLÝSINGASTOFUNNI GRAFÍT OG JÓHANNA BIRGISDÓTTIR VAR RÁÐIN TIL AÐ VERA FRAMKVÆMDASTJÓRI VERKEFNISINS. OG Á JÓHANNA MIKIÐ LOF SKILIÐ FYRIR STARF SITT FYRIR OKKUR.. MESTA ATHYGLI OKKAR SEM STÓÐUM Í ÞESSU ÁTAKI VAR AÐ VERSLUNARMANNAFÉLAG REYKJAVÍKUR TREYSTI SÉR EKKI TIL AÐ STYRKJA OKKUR Í ÞESSU ÁTAKI. OG VAR ÞAÐ MIÐUR.

LJÓST ER AÐ VINNA FYRIR ÁTAKIÐ TYRIR ÞETTA ÁR VERÐUR AÐ HEFJAST BRÁÐLEGA EF HÆGT Á AÐ VERA AÐ KOMA ÞESSU ÁTAKI AF STAÐ Á HAUSTMÁNUÐUM ÞVÍ AÐ FENGINNI REYNSLU ÞÁ TÓK ALLUR UNDIRBÚNINGUR MJÖG LANGAN TÍMA..

AÐ LOKUM VIL ÉG ÞAKKA ÞVÍ FÓLKI SEM HEFUR SETIÐ Í STJÓRN MEÐ MÉR FYRIR GOTT SAMSTARF Á LIÐNU ÁRI.

Að loknum málflutningi formanns urðu nokkrar umræður og kom þetta m.a. fram.

Sig. E. Haraldsson þakkaði stjórn félagsins fyrir sitt ómak. Hann ræddi mikinn ólöglegan umflutning ferðamanna, áróður ferðaskrifstofa á f.d. rás tvö hjá ríkisútvarpinu sem væri að hans mati óeðlileg. Honum fannst átakið verslum heima mjög jákvætt, en benti á að ef ætti að endurtaka það þá þyrfti það að vera fyrr á ferðinni.

Margrét Pálsdóttir spurði um kostnað af átakinu og upplýst var að hann hafi verið yfir 2 miljónir króna og að dæmið hafi gengið upp – Hún var mjög hissa á að V.R skyldi ekki vilja styrkja átakið, þar sem líklega 700 félagsmenn þeirra væru atvinnulausir. Hún taldi einnig að vörulistarnir tækju mikið frá almennri verslun.

Guðni Þorgeirsson spurði um viðhorfsbreytingar almennings í utanlandsferðum.

Málin rædd fram og aftur viðhorf og framkoma í tolli o.fl. Til máls tóku einnig Björn Ágústsson, Edda Hauksdóttir Franch Michelsen, og voru viðhorf þeirra mjög á eina lund.

2. KOSNINGAR

FORMAÐUR til eins árs Baldvin Ó. Magnússon

MEÐSTJÓRNENDUR til 2ja ára Edda Hauksdóttir og Steinar Waage

ásamt þeim sitja í aðalstjórn Stan

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavík

Sigurveig Lúðvíksdóttir og
Björn Ágústsson báðir kosin
1994 til tveggja ára og eiga þau því
eitt ár eftir af sínum kjörtíma

VARASTJÓRN — Erla Wigelund og Garðar Siggeirsson

| AÐALFULLTRÚAR | VARAFULLTRÚAR |
|---|---|
| Edda Hauksdóttir | Sigríður Bierring |
| Jóna Sigurðsteinsd. | Sóley Stefánsdóttir |
| Sig. E. Haraldsson | Erla Wigelund |
| Ragnar Guðmundsson | Bolli Kristinsson |
| Steinar Waage | Ebba Hvannberg |
| Baldvin Ó. Magnússon | Ásgeir Ásgeirsson |
| Skúli Jóhannesson | Björn Ágústsson |
| Franch Michelsen | Margrét Rögnvaldsdótt. |
| Margrét Pálsdóttir | Viðar Þorgrímsson |
| Sigurveig Lúðvíksd. | Hilmar Þorkelsson |
| Garðar Siggeirsson | Karólína Sveinbjörnsdóttir |

ENDURSKOÐENDUR

Ebba Hvannberg
Björn Ágústsson.

3. ÖNNUR MÁL — Engar bókaðar umræður.
Formaður þakkaði endurkjör stjórnar, fundarstjóri óskaði stjórninni farsældar og fékk heimild fundar til að ganga frá fundargerð síðar.
Innfært eftir segulbandi. [signature]
[signature]

23. ágúst 1995

Stjórnarfundur haldinn á skrifstofu K.Í.
Mættir voru formaður Baldvin Ómar, aðrir meðstjórnendur: Steinar Waage, Björn Ágústsson og Edda Hauksdóttir. Fundargerð ritaði Edda.
Efni fundarins: „Verslum heima“. Umræður snérust aðallega í hugsanlegri fjármögnun og skipulag megin átaksins. Velt var upp hugmyndum um kostun, en að framkvæmd yrði í gegnum skrifstofu K.Í.
Til máls kom fram um það að skrifstofu K.Í yrði falið að samræma þá verslun og þróun verslunarinnar sem fram fer í fríhöfninni í Keflavík. Óskað var eftir að gengið væri hreint til verks og að haldinn yrði viðræðufundur með KÍ og utanríkisráðuneytinu hið allra fyrsta.
Hugmynd um beinan og óbeinan P.R. áróður í gegnum fjölmiðla, versluninni í hag.
Almennt eru menn sammála um að versluninni sé afskipt, og þörf sé á að breytt verði um stefnu og tekist á við verkefnið.
Félaga varðandi sameiginlegar auglýsingar kaupmanna, í formi þess að skrifstofan væri ~~sem~~ milliliður upp á hlut. Kannað yrði meðal félagsmanna almennt hvernig landið leggi að hjá kaupmönnum að sameinast á þessum vettvangi.
Fleira ekki gert og fundi slitið.

Edda Hauksdóttir — Baldvin M.
Steinar Waage

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

03. Okt. 1995 Stjórnarfundur

Mættir voru Björn Ágústsson, Erla Wigelund, Edda Hauksdóttir, Baldvin Ómar M. og Guðni Þorg.

Rætt var um verslun heima, og verslun erlendis ákveðið var að boða til annars fundar um þessi mál að viku liðinni þar sem þessi mál verði rædd frekar. Ýmis mál rædd varðandi átök í K.I.

Fundi slitið

Baldvin Ómar M

Ár 1995 föstudaginn 13 október kl. 9[30] haldinn stjórnarfundur í Félagi sérvöruverslana í húsakynnum K.Í. í Húsi verslunarinnar.

Formaður félagsins Baldvin Ó. Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum. Eftirfarandi rætt.

1. Verslun heima. Tollfrjáls innflutningur almennings.

Rætt ítarlega um málin.
Menn eru sammála um að yfirvöld fari ekki eftir settum reglum í sambandi við innflutning og sölu á flugvellinum í Keflavík.

Aðalkrafa kaupmanna er að íslensk verslun sitji við sama borð og erlend hvað snertir virðisaukaskatt.

Ákveðið að leita eftir samstarfi við samvinnuverslunina, heildverslunina og Hagkaup sem fyrst.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson ritari.
Baldvin Ómar M.
Edda Hauksdóttir
Margrét Baldursdóttir
Erla Wigelund

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1995 miðvikudaginn 8 nóv. kl. 10⁰⁰ haldinn fundur á vegum félags ferðaverslana í húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands

Eftirtaldir mættu: Frá K.Í.
Formaður Baldvin J. Magnússon, Sigurður Þ. Haraldsson, Margrét Pálsdóttir, Björn Ágústsson og Guðni Þorgeirsson

Frá F.Í.S.

Helgi Sigurðsson, Birgir Rafn og Bjarni Þ. Halldórsson

Frá kaupfélögunum

Skúli Sigurðsson Kaupf. Suðurnesja og
Sigurður A. Sigurðsson, Innkaupasamb. kaupfélaga.

Hagkaups maður var boðaður. Gat ekki komið.

Þá var gengið til dagskrár og fyrir tekið.

1. Verslun heima.

Baldvin hafði framsögu.
Hann greindi frá þeim könnunum sem við höfum staðið fyrir og lýsti þeirri vinnu sem sem unnin hefur verið á liðnum árum.
Spurningin er, Hvað getum við gert sameiginlega?

Skúli spurði hvort kannað hafi verið hvað verslun barnafatnaðar er mikil í heildar innkaupum.

Birgir Rafn. FÍS lét kanna það fyrir ca 2 árum hvaða tölur væru í þessari verslun. Þá mætti tala um að miðað við 25 þús farþega mætti áætla 2.5 milljarða veltu. Heildar tap ríkisins væri 750 milljónir og ca 400 störf færu úr landinu

Sigurður Haraldsson: Hann taldi að veruleg aukning væri í þessum ferðum, raunveruleg sprenging.
Ekkert hefur heyrst frá verslunarstéttinni
Lítið eða ekkert farið eftir reglum.
Af hverju mega kaupmenn ekki flytja inn í ferðatöskum.
Hann vill að farið verði til ráðherra, og að þetta mál verði rætt á ráðstefnu, snemma á næsta ári

Bö Það vill að Íslenska ferðamálaráðið styðji ferðamanna innflutning Samvinnuferða-Landsýnar.
Málið snertir ekki aðeins verslunina.
Það er óviðunandi aðstaða sem við höfum.

Björn: Vill ná verði niður.
Virðisaukaskattur á að greiðast heima.

Sig. A. Sigurðsson: Það er verið að brjóta lög.
Við verðum að koma á jákvæðri ímynd og gagnsókn í verði.

Skúli. Verslun er atvinna og ber því að sýna henni virðingu.
Væri hægt að koma upp pakkatilboðum fyrir næsta haust? með samstilltu átaki

Helgi Sig: Ríkið tapar og það auðveldar skattsvik. Engar löggæsluaðgerðir.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið

Guðni Þorgeirsson ritaði.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1996 mánudaginn 15 janúar kl 9⁰⁰ haldinn stjórnarfundur í Félagi sérvöruverslana í húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands í Húsi verslunarinnar.

Mættir: Form. Baldvin R. Magnússon, Ósla Wiglund
Edda Hauksdóttir og Björn Ágústsson, auk
þess Sigurður Jónsson framkvstj. K.Í. og
Guðni Þorgeirsson sem ritaði fundargerð.

Formaður Baldvin R. Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum.
Framkvæmdastjóri greindi frá fundi með Utanríkisráðherra, Halldóri Ásgrímssyni.
Hann og Baldvin formaður höfðu farið yfir mörg mál, sem snertu verslunina og samkeppni okkar félaga við útlendingana, sem versla í öðru skattalegu umhverfi.
Þá var rædd samkeppni ríkisins með því að reka komuverslun á flugvellinum. Ráðherra taldi að komuverslunin mundi verða lögð niður fljótlega.

Mikið rætt um vörukaup almennings í auglýstum innkaupaferðum.

Framkvæmdastjóri upplýsti að á fundi í Samkeppnisstofnun hafi verið farið fram á það að stofnunin beitti sér fyrir könnun á verðlagi á merkjavörum í fatnaðarverslun í samkeppnislöndum okkar.

Rætt um væntanlegan formannafund næsta laugardag 20 janúar á Flughótelinu í Keflavík.

Þar verður til umræðu starf og stefna K.Í.

Þá var talað um tvítollun og sköttun á vörum sem koma frá E.B.

Vinna ber að því að verslunin fái sama starfsgrundvöll og útlendir keppinautar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson ritari.

Ár 1996. miðvikudaginn 7 febrúar kl 9.30 haldinn stjórnarfundur í félagi sérvöruverslana í húsakynnum K.Í. í Húsi verslunarinnar

Formaður setti fundinn og ræddi dagskrá.

1. Ákveðið að halda aðalfund félagsins 28 febrúar kl 9.30 í húsakynnum K.Í.

2. Ákveðið að fá sérstakan fund með Drífu Hilmarsdóttur útstillingarhönnuði IKEA í mars. n.k.

Formaður upplýsti að unnið væri á vegum Samstarfsnefndar um verslunarfræðslu um að útbúa námsefni fyrir afgreiðslufólk í sérvöruverslunum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson ritari

Eftirtaldir mættu.

Baldvin Ómar M.

Ólafur Waage.

## AÐALFUNDUR

FÉL. SÉRVÖRUVERZLANA 1996. var haldinn fimmtudaginn 28. febrúar kl. 09.30 fh. í húsnæði K.Í. Rvk.

Formaður félagsins Baldvin Ó. Magnússon setti fundinn og tilnefndi Hrein Sumarliðason sem fundarstjóra og Guðna Þorgeirsson, ritara.

Fundarstjóri úrskurðaði fundinn lögmætan og var síðan gengið til dagskrár.

1. SKÝRSLA STJÓRNAR flutt af formanni

**AÐALFUNDUR 1996.** **FÉLAG SÉRVÖRUVERSLANNA**

**Á LIÐNU STARFSÁRI VORU HALDNIR REGLULEGIR FUNDIR HJÁ STJÓRN SEM HÓFUST STRAX AÐ LOKNUM SUMARLEYFUM.ÞAÐ MÁL SEM MESTAN HUG STJÓRNAR ÁTTI VAR HVERNIG MÆTTI KOMA ÞEIM BOÐSKAP SEM BEST TIL ALMENNINGS AÐ VERSLA HEIMA. ÁKVEÐIÐ VAR AÐ SENDA ÚT GÍROSEÐLA OG SAFNA FÉ TIL AÐ FJÁRMAGNA AUGLÝSINGAR TIL AÐ KOMA SKILABOÐUM TIL ALMENNINGS GREIÐSLUR SKILUÐU SÉR FREKAR SEINT OG FÓR ÞVÍ LÍTIÐ FYRIR AUGLÝSINGUNUM .. FLJÓTLEGA KOM Í LJÓS AÐ HELSTA VON OKKAR UM ÁRANGUR Í BARÁTTUNNI VIÐ AÐRA MARKAÐI VAR SAMTAKAMÁTTURINN OG VAR ÞVÍ ÁKVEÐIÐ AÐ LEITA TIL SAMVINNUVERSLUNARINNAR ,FIS OG HAGKAUPA UM SAMSTARF.Í BYRJUN NÓVEMBER VAR HALDIN FUNDUR MEÐ ÞESSUM AÐILUM Á ÞEIM FUNDI KOM MEÐAL ANNARS FRAM AÐ Í KÖNNUN SEM FIS STÓÐ FYRIR UM VERSLUN ERLENDIS AÐ CA. 400 STÖRF GLÖTUÐUST VIÐ ÞESSA VERSLUN ÚR LANDINU. ÁKVEÐIÐ VAR AÐ FARA Á FUND UTANRÍKISRÁÐHERRA TIL AÐ RÆÐA ÞESSI MÁL OG MÁL FRÍHAFNARINNAR.EKKI ER HÆGT AÐ SEGJA AÐ MIKIÐ HAFI KOMIÐ ÚT ÚR FUNDINUM EN OKKAR MÁLUM VAR KOMIÐ TIL SKILA TIL RÉTTRA AÐILA . NÚ ER OKKAR KAUPMANNA OG ÞEIRRA AÐILA SEM ERU Í FORSVARI AÐ HALDA ÞESSARI BARÁTTU ÁFRAM OG FINNA HENNI RÉTTAN FARVEG SVO HÚN GETI SKILAÐ ÁRANGRI.OG VERÐUR AÐ TAKA FRÍHAFNARVERSLUN ÞAR SÉRSTAKLEGA INNÍ.**

**Í BYRJUN ÞESSA ÁRS VAR HALDIN FORMANNA OG FULLTRÚA FUNDUR Í KEFLA-VÍK ÞAR SEM FARIÐ VAR INN OKKAR MÁL MEÐAL ANNARS TVÍSKÖTTUN,OG HEFUR NÚ ÞEGAR VERIÐ SENT BRÉF ~~ÚT TIL BRUSSELS~~ TIL DANMERKUR ÚT AF ÞVÍ ,OG VÆNTUM VIÐ SVARA BRÁÐLEGA.**

**SEGJAÁ AÐ FÉLAGSLÍFIÐ Í FÉLAGINU OKKAR HAFI NÚ EKKI VERIÐ UPP Á MARGA FISKA OG TEL ÉG AÐ ÞAR SÉ MIKIÐ VERK ÓUNNIÐ. Í ÖFLUN NÝRRA FÉLAGA ERU EFLAUST MARGAR LEIÐIR FÆRAR. EIN LEIÐ ER SÚ AÐ SÁ ÁRANGUR SEM KÍ NÆR Í SAMNINGUM VIÐ BANKA,VÍSA OG AÐRA AÐILA NÝTIST EKKI ÖÐRUM EN KÍ FÉLÖGUM OG AÐ KÍ FÉLAGAR NJÓTI ÁVALT BETRI KJARA EN UTANFÉLAGS-MENN.**

**ÉG VIL AÐ LOKUM ÞAKKA ÞVÍ FÓLKI SEM HEFUR SETIÐ Í STJÓRN MEÐ MÉR FYRIR GOTT OG ÁNÆJULEGT SAMSTARF Á LIÐNU ÁRI.**

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að loknum flutningi skýrslunnar var orðið gefið laust til umræðu en engir reikningar eru á vegum félagsins.

Edda Hauksdóttir, ræddi um ýmsa nýja kostnaðarliði sem lagðir hafa verið á verzlunina t.d. hækkun tryggingagjalds, nýtt heilbrigðisgjald, sorphirðugjald o.fl.
Hún vildi láta upplýsa almenning um þessa viðbótarskatta, sem ekki fara út í verðlagið.
Sigurður Jónsson ræddi um samstöðuna í átakinu verzlum heima, um viðræður við ráðherra og skilning ferðaskrifstofumanna. Hann kom inná skattamál, heilbrigðismál sem og innkaup almennings erlendis.
Þá skýrði hann frá því að 0.015% markaðsgjald sem verzlunin greiddi flestir án þess að vita af því gæfi útflutningsráði 14-15 miljóna tekjur til ráðstöfunar í þágu iðnaðarins.
Ef heildverzlunin væri talin með þá væru þetta 30 og eitthvað miljónir sem betur væru komnar t.d. í menntunarmál verzlunarinnar.
Síðan urðu umræður á víð og dreif um málefni kaupmanna svo og afar brýna nauðsyn þess að félagsmenn K.Í. njóti sérstakra kjara umfram utanfélagsmenn til þess að félagsmönnum fjölgi.
Félagafjöldinn er afl þeirra hluta sem gera skal.
Eining er afl, stendur á fundarhamri okkar.

## 2. KOSNINGAR

FORMAÐUR til eins árs Baldvin Ó Magnússon

MEÐSTJÓRNENDUR til 2ja ára Sigurveig Lúðvíksdóttir og Björn Ágústsson
en ásamt þeim sitja í aðalstjórn þau Edda Hauksdóttir og Steinar Waage
bæði kosin 1995 til 2ja ára og eiga þau því eitt ár eftir af kjörtíma sínum

VARASTJÓRN Karólína Sveinbjörnsdóttir og Garðar Sigurgeirsson

| ADALFULLTRÚAR | VARAFULLTRÚAR |
|---|---|
| Edda Hauksdóttir | o |
| Jóna Sigursteinsd. | o |
| Sig. E. Haraldsson | Erla Wigelund |
| Ragnar Guðmundsson | Bolli Kristinsson |
| Steinar Waage | Ebba Hvannberg |
| Baldvin Ó Magnússon | Ásgeir Ásgeirsson |
| Skúli Jóhannesson | Björn Ágústsson |
| Franch Michelsen | Franch Michelsen jr. |
| Sigurveig Lúðvíksdóttir | Hilmar Þorkelsson |
| Margrét Jakobsdóttir | Pétur Þorgrímsson |
| Garðar Sigurgeirsson | Karólína Sveinbjörnsd. |

ENDURSKOÐENDUR

Ebba Hvannberg
Björn Ágústsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## 3. ÖNNUR MÁL

Framkvæmdastjórinn upplýsti, reglur um tvísköttun á vörum sem fluttar eru inn frá löndum utan E.S.B. í gegnum lönd sem þar eru. Frekari uppl. umbeðnar eru á leiðinni.

Edda þakkaði fyrir fréttapóstinn sem kemur á faxi, og sagði sig finna aukna nálægð K.Í. fyrir vikið.

Hún talaði um að K.Í. þyrftu að vera sýnilegri, og ávinningur þess að vera félagi – augljósari, að nú væri kominn tími á að endursemja við kortafyrirtækin, og fá lækkun þjónustugjalda.

Þá gerði hún að umtalsefni hvort Kaupm. leyfðist að skrá sig félaga og trassa síðan greiðslur endalaust.

Þá var rætt um hvernig samstarfi innan verzlunarsamtakanna væri háttað, og spurt um fréttatilkynningar frá F.Í.S.

Sig. Jónsson sagði frá fyrirhuguðum fundi um öryggismál með VÍS.

Steinar Waage spurði hvort hugsanlegt félagsmannakort K.Í. gæti opnað aðgang og fyrirgreiðslu hjá samtökum erlendis.

Nýkjörinn formaður þakkaði auðsýnt traust. Framkvæmdastjóri óskaði stjórninni farsældar, og sleit fundi.

Hreinn Sumarliðason.

Innfært eftir lausblaðabókum Guðna Þorgeirssonar H.S:

Guðni Þorgeirsson

FUNDUR HALDINN 27. SEPT. '96

Á FUNDINN VORU MÆTTIR BALDVIN, BJÖRN GARÐAR OG STEINAR WAAGE.

BALDVIN RÆDDI KÖNNUN SÍNA Á VERZL. FERÐUM ÍSLENDINGA Í HAUST ERLENDIS, OG ERU BÓKANIR ALDREI FLEIRRI EN NÚ, VELTU MENN ÞVÍ FYRIR SÉR HVORT ÁTAKIÐ "VERZLUM HEIMA" BÆRI ÁRANGUR EÐA EKKI.

ÁKVEÐIÐ VAR AÐ HALDA FUND ÞAR SEM BOÐAÐIR VÆRU FULLTRÚAR BANKANA OG RLR, TIL AÐ KOMA ÁLEIÐIS OKKAR SJÓNARMIÐUM OG TIL Í FRAMKVÆMD ÖRUGG ÁVÍSANAVIÐSKIPTI OG KOMA ~~FYRIR~~ Í VEG FYRIR SVIK.

VONAST ER TIL AÐ EINHVER ÁRANGUR NÁIST ÞANNIG AÐ HÆGT VÆRI AÐ BOÐA ALMENNAN FÉLAGA FUND, OG Í FRAMHALDI AF ÞVÍ SAMKVÆMI ÞAR SEM HÆGT VÆRI AÐ KYNNA ÁRANGURINN, ÆSKILEGAST Í BOÐI BANKANA.

RÆTT UM ÞÁTTTÖKULEYSI KAUPMANNA Í NEFNDUM OG RÁÐUM RÍKIS OG BÆJA.

RÆTT VAR LAUSLEGA UM FRÍHAFNIR, OG FL.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1996 miðvikudaginn 9. október kl. $15^{00}$ haldinn fundur í stjórn Félags sérvöru kaupmanna í húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands í Húsi verslunarinnar.

Mættir: Formaður Baldvin Ó. Magnússon
Björn Ágústsson og Garðar Siggeirsson
auk framkvæmdastjóra K.Í. Sigurðar Jónssonar og Guðna Þorgeirssonar.

Gestir fundarins voru:
Frá Sambandi viðskiptabanka:
Finnur Sveinbjörnsson og Sigurður Gústafsson

Frá Rannsóknarlögreglu Ríkisins:
Hörður Jóhannesson og Geirar Ögmundsson.
Formaður Baldvin Ó. Magnússon setti fundinn og stjórnaði.
Fundarefni var:
Ávísana-misferli og reglur banka um lokun reikninga.
Eftirfarandi lagt fram sem umræðugrundvöll.

**Til:** Baldvins Ó.Magnússonar, Björns Ágústssonar, Garðars Siggeirssonar, Steinars Waage.

**Frá:** Sigurði Jónssyni

**Málefni til umræðu á fundi sérvörukaupmanna með fulltrúum banka og RLR 9. okt. 1996 kl. 15:00 í fundarsal Kaupmannasamtaka Íslands.**

**Debetkort með mynd**

- Allir tékkareikningshafar fái slík kort og verði að framvísa þeim til að fá innleysta tékka. Tékkahefti séu heldur ekki afhent nema gegn framvísun slíkra korta.
- Miði frá bönkum og sparisjóðum verði settur upp í verslunum og öðrum greiðslustöðum um að aðeins sé hægt að fá innleysta tékka gegn framvísun debetkorts með mynd af korthafa.
- Hámarksupphæð ábyrgðar pr.tékka sem verið hefur kr.10.000 um árabil verði endurskoðuð með hækkun í huga.
- Þjónustusími fyrir alla banka og sparisjóði sé opinn allan sólarhringinn. Um getur verið að ræða rafræna heimildargjöf sem þá er um leið greiðslutrygging fyrir seljendur vara eða þjónustu sem taka við tékkum sem greiðslu.
- Leiðbeiningum verði dreift í verslanir og aðra sölustaði varðandi rétta framkomu við fólk sem er statt á þessum stöðum og er grunað um tékkamisferli eða að hafa undir höndum stolin eða fölsuð tékkahefti.

**Lokun ávísanareikninga**

- Hvaða reglur gilda um lokun ávísanareikninga, og eru þær hliðstæðar hjá öllum bönkum og sparisjóðum ?
- Hver er ábyrgð banka/sparisjóðs varðandi tékka sem hann hefur tekið við til innlausnar án athugasemda ?
- Hvar endar ábyrgð verslana varðandi tékka sem þær hafa innleyst til sín og framselt í banka/sparisjóð ?

**Meðferð tékka hjá RLR**

- Hvernig virkar kerfið ?
- Upplýsingar frá RLR til smásala.
- Fá verslanir aldrei bætur ?

Ákvarðanir / niðurstöður.

Eftir ítarlega umræðu lofaði framkvæmdastjóri Sambands viðskiptabankanna, Finnur Sveinbjörnsson, að leggja það til við bankana, að tékkhefti yrðu ekki látin af hendi til viðskiptavina, nema að viðkomandi verði jafnframt með debetkort með mynd til öryggis.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson ritari.

Fundur haldinn 28/1 97. Mættir voru Garðar Siggeirsson, Sigurveig Lúðvíksdóttir, Edda Hauksdóttir, Sigurður Jónsson og Baldvin Ómar M.

Rætt var um skoðanakönnun meðal ferðamanna, skýrslu forsætisráðherra um verð á Íslandi. Ákveðinn hefur verið fundur með Hagstofu v/kannar. Menn beðnir að athuga hug sinn til átaks í haust til að auka verslun í heimabyggð. Aðalfundur var ákveðinn Fimmtudag 20. febrúar kl. $18^{00}$

Baldvin Ómar M.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## AÐALFUNDUR

FÉL. SÉRVÖRUVERSLANA 1997 var

haldinn þriðjudaginn 25 febrúar kl. 18⁰⁰ í húsi Kaupmannasamtaka Íslands í Reykjavík.

Formaður félagsins Baldvin Ómar Magnússon setti fundinn og tilnefndi Guðna Þorgeirsson fundarstjóra og sömuleiðis fundarritara með hjálp upptökutækis og Björns Ágústssonar

Fundurinn var boðaður með bréfi dags. 13 febrúar s.l. og var því löglegur.

Þá var gengið til dagskrár og fyrir tekið.

1. Lesinn útdráttur úr fundargerð síðasta fundar

2. Skýrsla stjórnar. flutt af formanni.

SÍÐASTLIÐIÐ STARFSÁR VAR EKKI ÁR STÓRÁTAKA HJÁ FÉLAGI SÉRVÖRUVERSLANA. Á ÁRINU VORU HALDNIR 3 STJÓRNARFUNDIR AUK ÞESS SEM HALDINN VAR FUNDUR MEÐ FULLTRÚUM BANKANNA OG RANNSÓKNARLÖGREGLUNNI UM ÁVÍSANAVIÐSKIPTI OG DEBETKORT.
NIÐURSTAÐA ÚR ÞEIM FUNDI VAR AÐ ENDURSKOÐUN VERÐI FRAMKVÆMD Í MEÐFERÐ OG AFGREIÐSLU TÉKKAVIÐSKIPTA HÉR Á LANDI ÞANNIG AÐ SETT VERÐI MYND Á ÖLL DEBETKORT, EN VIÐ BÍÐUM NÚ LOKANIÐURSTÖÐU Í ÞVÍ MÁLI.
ÚR ÁTAKINU "ÍSLENSK VERSLUN - ALLRA HAGUR" KOMU KR. 3.020.000,- SEM VAR NOTAÐUR TIL AÐ MARKAÐSSETJA ÍSLENSKA VERSLUN.
ÞETTA ÁTAK ER ÞARFT OG GOTT UNDIR UMSJÓN K.Í. EN ÞAÐ VAR FÉLAG SÉRVÖRUVERSLANA SEM KOM ÞESSARI HERFERÐ UPPHAFLEGA AF STAÐ, EN ER NÚ EINS OG ÁÐUR SEGIR Í UMSJÓN K.Í.

Á LIÐNU ÁRI VAR EINNIG FRAMKVÆMD KÖNNUN MEÐAL ERLENDRA FERÐAMANNA UM VIÐHORF ÞEIRRA TIL VERSLUNAR Á ÍSLANDI.
AF NIÐURSTÖÐUM HENNAR MÁ LJÓST VERA AÐ ÞAR ER HÆGT AÐ VINNA STÓRAN MARKAÐ EF RÉTT ER Á HALDIÐ SEM GÆTI AUKIÐ SÖLU VERULEGA Í ÍSLENSKRI SÉRVÖRUVERSLUN. ÞAU VERKEFNI SEM BLASA VIÐ OKKUR Í FRAMTÍÐINNI ERU HELST, AFNÁM KOMUVERSLUNAR Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI, ÞAR SEM RÍKIÐ ER Í ÓEÐLILEGRI OG VIRÐINGARLAUSRI SAMKEPPNI VIÐ ÍSLENSKA VERSLUN. EINNIG ÞARF AÐ SAMEINA KAUPMENN UNDIR MERKI KAUPMANNASAMTAKANNA, EN EINS OG MENN VITA ÞÁ HAFA NÚ VERIÐ STOFNUÐ SAMTÖK Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR SEM EKKI ERU INNAN KAUPMANNASAMTAKA ÍSLANDS HELDUR STARFA SJÁLFSTÆTT, ÞAR ER ÞAU TELJA EFLAUST AÐ K.Í. SÉU SAMTÖK SEM ERU SOFANDI.
ÞESSU VIÐHORFI ÞARF AÐ BREYTA OG MÁ SEGJA AÐ ÞAR HÖFUM VIÐ SOFIÐ Á VERÐINUM.

AÐ LOKUM VIL ÉG ÞAKKA STJÓRN OG VARASTJÓRN FYRIR ÁNÆGJULEGT SAMSTARF Á LIÐNU ÁRI.

BALDVIN ÓMAR MAGNÚSSON.

Að loknum flutningi skýrslunnar var orðið gefið laust til umræðna. Þorgeir kvaddi sér hljóðs. Engir reikningar eru á vegum félagsins þar sem allt reikningshald fer fram á vegum K.Í.

Garðar Sigurgeirsson þakkaði stjórninni fyrir vel unnin störf. Þaði fyrir baráttu hennar til að loka komuversluninni á flugvellinum, svo og fyrir að koma á betri skikkan á meðhöndlun á tékkaviðskiptum og að þrýsta á betri samninga við kortafyrirtækin.

Fundarstjóri las upp minnisblað framkvæmdastjóra, sem hann hafði sent stjórnarmönnum sem tóku þátt í fundi félagsins með fulltrúum banka og RLR 9 okt 1996 í fundarsal Kaupmannasamtaka Íslands.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Björn Ágústsson benti á að þrátt fyrir að ekki mörg mál hafi verið tekin fyrir, þá hafi þeim verið fylgt eftir.
Það var unnið að því að fá fólkið til að versla heima. Svo er verið að vinna í fríhafnarmálinu og bankamálinu.
Við verðum að taka hvert mál fyrir sig og klára það.

Síðan urðu fjörugar umræður um bankaábyrgð, þjónustutíma banka og kortafyrirtækja.
Lögð var áhersla á að kaupmenn sameinuðust um að neita greiðslum með tékka, nema að debetkort með mynd væru jafnframt lögð fram.
Spurt var um fríhafnarverslunina og hvernig kröfum okkar hefur verið tekið.
Formaður svaraði. Við höfum lagt áherslu á að fólk framvísi brottfararspjaldi til þess að fá að versla. Því annað er óeðlilegt. Pöntunarþjónustunni hefur verið lokað, að kröfu okkar. Unnið er í málinu.

## 3. Kosningar.

Formaður til eins árs var kosinn Hákon Hákonarson.

Meðstjórnendur til 2ja ára, endurkjörin
Edda Hauksdóttir og Steinar Waage.

Auk þeirra sitja í aðalstjórn þau:
Sigurveig Lúðvíksdóttir og Björn Ágústsson
báði kosin á aðalfundi 1996 og eiga þau því eitt ár eftir af kjörtíma sínum.

Varastjórn til eins árs. Karólína Sveinbjörnsdóttir
og Garðar Siggeirsson.

| Aðalfulltrúar. | Varafulltrúar. |
|---|---|
| Edda Hauksdóttir. | 0. |
| Jóna Sigursteinsdóttir | 0. |
| Sig. G. Haraldsson | Helga Sveinsdóttir (H-búðin) |
| Kolli Kristinsson | Sverrir Bergmann |
| Steinar Waage | Stella Baldvinsdóttir. |
| Baldvin Ómar Magnússon | Ásgeir Ásgeirsson |
| Skúli Jóhannesson | Björn Ágústsson |
| Frank Michelsen | Frank Michelsen Jr. |
| Sigurveig Lúðvíksdóttir | Hilmar Þorkelsson |
| Margrét Pálsdóttir | Pétur Þorgrímsson. |
| Garðar Siggeirsson | Karólína Sveinbjörnsdóttir. |

Endurskoðendur: Stella Baldvinsdóttir
Björn Ágústsson

## 4. Önnur mál.

Fjörug og almenn umræða um ábyrgð banka og misferli í viðskiptum með tékka.

Garðar Siggeirsson spurði um hugsanlegt samstarf við Félag ísl. stórkaupmanna eða Íslenska verslun.
Telja menn það vera áhugavert, eða er það bara tímanna tákn sem þarf að gerast.
Hann taldi að mikið af kaupmönnum væru jafnt innflytjendur og smásalar. Þá er spurning hvar eigum við að vera.
Er ekki kominn tími til þess að skoða málið frá öllum hliðum?

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hann hvatti til þess að reynt yrði að fá fleiri til að standa saman í félagsskap um málefni kaupmanna.

Síðan var rætt um nýstofnuð Miðborgarsamtök sem ná til kaupmanna og allra annarra sem eru með rekstur á svæðinu.
Sigurveig Lúðvíksdóttir útskýrði um tilgang og stöðu þessara samtaka.
Almenn umræða um launagreiðslur.
Rætt var um að leggja það til við stjórn K.Í og samninganefnd okkar að fundurinn samþykkti kr. 70.000,- lágmarkslaun í verslun.

Samþykkt að vísa eftirfarandi ályktun til samninganefndar og stjórnar K.Í.

Aðalfundur Félags sérvöruverslana haldinn 25 febrúar 1997 leggur til að lágmarkslaun í verslun verði kr. 70.000.- og að samninganefndin leggi áherslu á að skattleysismörk verði hækkuð.

Edda Hauksdóttir upplýsti að nýtt Félag snyrtivörukaupmanna hafi verið stofnað 12 febrúar s.l.
Hún hafði mætt á stofnfund, þar sem hún gerði grein fyrir stefnu og störfum K.Í. og hvatti til þess að fundarmenn gerðust félagar í K.Í.
Þær vilja heldur vera í sér félagi fyrir utan K.Í.

Sigurveig Lúðvíksdóttir greindi frá umræðum í Miðborgarsamtökunum um að fá frí bílastæði í bílastæðahúsunum á laugardögum svo og að bílastæðagjöld yrðu lögð niður eftir kl 6 á daginn. Auk þess að ná samstöðu um að taka upp samræmda lengingu á opnunartíma t.d fimmtudaga.
Margrét Pálsdóttir var ósammála Sigurveigu um gjaldskyldulausan laugardag.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

[illegible]

Guðni Þorgeirsson ritaði og fundarstjóri.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavík

Aðalfundur Félags sérvöruverslana var haldinn í fundarsal Kaupmannasamtaka Íslands miðvikudaginn 25.mars 1998 kl. 9 árdegis. Fundurinn var löglega boðaður og því lögmætur. Mættir voru: Björn Ágústsson, Jón Gunnarsson, Jakobína Anna Olsen, Sigurveig Friðgeirsdóttir, Steinar Waage, Einar Sigfússon og Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri KÍ.

Fráfarandi formaður Hákon Hákonarson boðaði forföll og var því ákveðið að Björn Ágústsson stýrði fundi, en Sigurður ritaði fundargerð.

1. Björn Ágústsson las fundargerð síðasta fundar sem var aðalfundur árið 1997. Þar sem enginn skýrsla var tilbúin frá stjórninni fór Sigurður yfir helstu verkefni sem verið hefðu til úrlausnar hjá starfsfólki KÍ en vörðuðu Félag sérvörukaupmanna sérstaklega;
   - Átakið Íslensk verslun - allra hagur var í annað skipti framkvæmt á sl. hausti með þátttöku sömu aðila og áður. Þetta átak er talið hafa virkað ágætlega, en ljóst er jafnframt að breyta verður til á þessu ári þar sem slagorð og auglýsingar eru orðin þreytt, og hefur verið rætt um að nota fjármuni sem til eru til þess að endurstilla áherslur í verkefninu.
   - Verslunarferðir til Reykjavíkur var annað átak sem KÍ átti þátt í að koma af stað snemma á árinu, og náðist breið samstaða við samtök, fyrirtæki og Reykjavíkurborg um þetta verkefni. Markmiðið er að koma Reykjavík á kortið sem verslunarborg, og fá útlendinga, í byrjun Bandaríkjamenn, til að koma til Reykjavíkur í verslunarferðir. Flugleiðir auglýstu 6 slíkar sérferðir í bæklingi sínum vestan hafs, og verkefnið lagði 1 milljón í þá kynningu. Sigurður gat þess að þessi tvö átaksverkefni hefðu breytt mikið ímynd íslenskrar verslunar í hugum Íslendinga sjálfra.
   - Einkarekin verslun í Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur verið baráttumál KÍ og á síðasta ári var verslunaraðstaða í FLE boðin út eftir nokkra kynningu, m.a. á sérstökum fundi sem Félag sérvöruverslana hélt í fundarsal KÍ. KÍ hefur ætíð mótmælt rekstri fríhafnarverslunar fyrir komufarþega og Sigurður gat þess að Félag sérvöruverslana þyrfti að taka þetta mál til umræðu og ákveða hvort breyting í verslunarrekstri í FLE kalli á breytta afstöðu KÍ.
   - Sigurður greindi frá því að KÍ og Neytendasamtökin hefðu sameiginlega óskað eftir því við Samband íslenskra viðskiptabanka, að hið síðasttalda kosti faglega samanburðarathugun á greiðslumiðlum, og að þessi athugun nýtist til að ákveða það umhverfi sem bankar, neytendur og verslunin mótar sér eftir 1.október n.k. þegar hin sk." bann við mismunun regla" verður aflögð skv. úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Beðið er svars SÍV.
   - Sagt var frá því að Edda Hauksdóttir setti sem skilyrði fyrir formennsku í Félagi snyrtivöruverslana að verslanirnar gerist félagsmenn í KÍ og njóti skjóls samtakanna og stuðnings við málafylgju. Þessu var fagnað.

   Í umræðum á eftir máli Sigurðar kom m.a. fram að félagið gæti tekið fyrir mál eins og verslun á netinu, breytingu á fánalögum og möguleikum sem í því felast fyrir verslunina, tvöföldun verslunarmiðstöðva á höfuðborgarsvæðinu og áhrif hennar, ferðamannaverslun og þjónustu í verslunum við ferðamenn og loks mætti taka fyrir einhver þemu sem væru ofarlega á baugi og ræða þau.

2. **Kosningar**

| | |
|---|---|
| Formaður (til eins árs): | Björn Ágústsson, MEBA |
| Í aðalstjórn (til 2ja ára): | Einar Sigfússon, Sportkringlan |
| | Jón Gunnarsson, Heildverslunin Rún (Kello, Blu di blu) |
| Fyrir eru: | Steinar Waage, Skóverslun Steinars Waage |
| | Edda Hauksdóttir, Stella |
| Varastjórn (til eins árs): | Sigurveig Friðgeirsdóttir, Skilaborg sf. (Allir krakkar) |
| | Karólína Sveinbjörnsdóttir, Fatabúðin |
| Aðalfulltrúar: | Edda Hauksdóttir |
| | Jóna Sigursteinsdóttir |
| | Sigurður E.Haraldsson |
| | Ásgeir Bolli Kristinsson |
| | Steinar Waage |
| | Baldvin Ómar Magnússon |
| | Skúli Jóhannesson |
| | Franch Michelsen |
| | Margrét Pálsdóttir |
| | Jón Gunnarsson |
| | Sævar Jónsson |
| Varafulltrúar | Helga Sveinsdóttir |
| | Sverrir Bergmann |
| | Stella Baldvinsdóttir |
| | Ásgeir Ásgeirsson |
| | Franch Michelsen jr. |
| | Hilmar Þorkelsson |
| | Víðir Þorgrímsson |
| | Karólína Sveinbjörnsdóttir |
| | Jakobína Anna Olsen |
| Endurskoðendur | (voru ekki kjörnir) |

3. **Önnur mál**
   Nokkrar umræður urðu um það hvernig ætti að efla fundarsókn og félagsstarf í Félagi sérvöruverslana. Að lokum var ákveðið að efna til almenns félagsfundar hinn 7.maí n.k. kl. 9,00 í fundarsal KÍ.

   Fleira ekki gert og fundi slitið.

Sigurður Jónsson ritari

Björn Ágústsson fundarstjóri

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## FUNDARGERÐ

**Almennur félagsfundur í Félagi sérvöruverslana** var haldinn í fundarsal Kaupmannasamtaka Íslands miðvikudaginn 6.maí 1998 kl. 9 árdegis.
Mættir voru:
Björn Ágústsson, Jón Gunnarsson, Franch Michelsen sr., Ásta í Islandia og Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri KÍ, sem ritar fundargerð.

Björn setti fundinn og stjórnaði honum. Sigurður sýndi tölur um þróun greiðslumiðlunar á síðustu tveimur árum og var rætt nokkuð um þetta. Fram kom m.a. að mismunur er á því hvort verslanir heimili handhöfum debetkorta að taka út hærri upphæð en nemur kaupupphæðinni. Vakin var athygli á því, að ef tekin væru upp innheimta 10 króna færslugjalds á kreditkort, þá mætti lækka þóknun fyrirtækja til kortafyrirtækja um 220 milljónir á ári. KÍ mun reyna að vinna þessu fylgis meðal banka og kortafyrirtækja.

Síðan voru sýndar nýjar tölur frá Global Refund á Íslandi um þróun verslunar við úrlenda ferðamenn og endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna þessa. Glöggt mátti sjá af tölunum, að þrátt fyrir aukningu í sölu ullarvara, þá jókst sala annarra vara ennþá meira þannig að vægi ullarvara í heildarveltu til útlendra ferðamanna lækkaði en t.d. sala fatnaðar jókst. Einnig sást glöggt, að Íslendingar sem eru búsettir erlendis standa fyrir 10% af heildarveltu sem virðisaukaskattur er endurgreiddur af .
Norðurlandabúar eru jafnframt að auka verulega innkaup á Íslandi í ferðalögum sínum. Bent var á nauðsyn þess að auglýsa vel þessa skattlausu sölu til erlendra ferðamanna, ekki síst til Bandaríkjamanna, sem væru ekki vanir þessu.

Björn Jóhannsson verkefnisstjóri í átakinu ÍSLENSK VERSLUN - ALLRA HAGUR hafði ætlað að mæta á fundinn og gera grein fyrir átakinu, en eitthvað kom í veg fyrir þetta. Þetta var hins vegar töluvert rætt, og að lokum ákveðið að boða til fundar með fleiri aðilum eftir rúma viku til að kanna hvort hægt væri að breikka undirstöðuna undir verkefninu, auka samstöðu og fá fleiri kostunaraðila . Var Sigurði falið að gera þetta.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Björn Ágústsson fundarstjóri — Sigurður Jónsson ritari

### *Aðalfundur Félags sérvöruverslana var haldinn í fundarsal Kaupmannasamtaka Íslands miðvikudaginn 10. mars 1999 kl. 09:00.*

Mættir voru: Björn Ágústsson, Einar Sigfússon, Edda Hauksdóttir, Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri K.Í. og Óskar Björnsson starfsmaður K.Í. sem jafnframt ritaði fundinn.

Fundurinn var boðaður með bréfi þann 3. mars og telst því vera löglega boðaður.

Björn Ágústsson formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Þá var gengið til dagskrár.

Björn reifaði lítillega starf félagsins á árinu 1998, en almennir félagsfundir voru tveir á síðasta ári. Þar bar hæst átakið "Íslensk verslun-allra hagur" og samstarfið við Ólaf Jóhannsson, en fundarmenn voru sammála um að það hefði skilað ágætum árangri. Björn beindi þeirri spurningu til Sigurðar hvort og hver áhugi sinna manna hefði verið fyrir átakinu. Sigurður sagði frá því að undirtektir félagsmanna hefðu verið ágætar og Kaupmannasamtökin hefðu náð að innheimta það sem áætlanir stóðu til um. En sá hluti innheimtunnar sem Verslunarráðið hefði tekið að sér hefði ekki skilað sér ennþá og væri það bagalegt í ljósi þess hve langt væri liðið á þetta ár. Það væri alveg ljóst að ekki væri hægt að endurtaka átakið á sama hátt og gert hefði verið á síðasta ári.

Sigurður Jónsson tók til máls og sagði frá starfsemi Kaupmannasamtakanna á síðasta ári, en byrjaði þó á því að minnast á almennt áhugaleysi félagsmanna fyrir starfsemi samtakanna, og að í ljósi þess hefði verið ákveðið að leigja út stóra fundarsalinn vegna lítillar notkunar hans. Það væri aðra sögu að segja frá ýmsum félögum af landsbyggðinni sem standi sig betur í félgsstarfinu eins og t.d. Kaupmannafélag Akureyrar.
Sigurður sagði jafnframt frá lækkun símakostnaðar vegna posa, áætlunum um fækkun síhringikorta, þreifingum sem væru í gangi um stofnun nýs greiðslukortafyrirtækis og starfsemi K.Í. varðandi öryggismál.
Sigurður greindi frá samstarfi við verslunarmiðstöðvar s.s. Kringlunnar, Mjóddarinnar og Miðborgarsamtakanna, hann sagði jafnframt frá áformum um stofnun Samtaka atvinnulífsins og Samtökum verslunar og þjónustu.

Áður en gengið var til kosninga sagði Björn fundarmönnum frá því að Jón Gunnarsson hefði verið búinn að gefa vilyrði fyrir því að taka við formennsku í félaginu.

***Kosningar***

| | | |
|---|---|---|
| **Formaður (til eins árs):** | Jón Gunnarsson, Rún | |
| **Í aðalstjórn (til 2ja ára):** | Einar Sigfússon, Sportkringlan | 1 ár eftir |
| | Björn Ágústsson, Meba | |
| | Steinar Waage, Skóverslun Steinars Waage | |
| | Edda Hauksdóttir, Stella snyrtivöruverslun | |
| **Varastjórn (til eins árs)** | Sigurveig Friðgeirsdóttir, Skilaborg sf. (Allir krakkar) | |
| | Karolína Sveinbjörnsdóttir, Fatabúðin | |

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavík

| | |
|---|---|
| **Aðalfulltrúar:** | Edda Hauksdóttir<br>Jóna Sigursteinsdóttir<br>Víðir Þorgrímsson<br>Ásgeir Bolli Kristinsson<br>Steinar Waage<br>Baldvin Ómar Magnússon<br>Skúli Jóhannesson<br>Franch Michelsen<br>Margrét Pálsdóttir<br>Jón Gunnarsson<br>Sævar Jónsson |
| **Varafulltrúar:** | Helga Sveinsdóttir<br>Sverrir Bergmann<br>Stella Baldvinsdóttir<br>Ásgeir Ásgeirsson<br>Franch Ú. Michelsen<br>Karolína Sveinbjörnsdóttir<br>Jakobína Anna Olsen |
| **Endurskoðendur:** | (voru ekki kjörnir) |

***Önnur mál***

Edda tók til máls og spurði Sigurð hvort hann væri viljugur að mæta á fund hjá félagi snyrtivöruverslana og upplýsa félagsmenn hvar og hvernig Kaupmannasamtökin gætu orðið þeim að liði í hagsmunabaráttu þeirra. Um er að ræða félagið sem stofnað var á síðasta ári (utan K.Í.), en það væri nú orðið tvískipt, og væri orðið erfitt að ná saman fundi. Heilbrigðisgjaldið er eitt af þeim málum sem snyrtivörukaupmen vilja endurskoðun á og hafa þeir sent bréf til viðeigandi yfirvalda þess efnis en fátt verið um svör.

Einnig óskaði Edda eftir því að Kaupmannasamtökin athuguðu eftirfarandi:

- Hvort hlutafélög með verslunarleyfi þurfi að aðhafast eitthvað þegar núverandi verslunarleyfi rennur út.
- Hvort samtökin gætu útvegað niðurstöður frá verðkönnun sem PricewaterhouseCoopers ehf. vann fyrir Flugstöð Leifs Eiríkssonar um verðsamanburð á eftirtöldum flugvöllum. Flugstöð Leifs Eiríkssonar Kastrupflugvelli og á Hamborgarflugvelli.
- Hvort leifilegt sé að skrá nöfn annara fyrirtækja sem sitt á internetið.
- Kostnað vegna debetkorta sem Eddu fannst vera allt of hár í sínu fyrirtæki.

Sigurður lofaði að ganga í málið og finna svör við þessum óskum Eddu.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Óskar Björnsson ritari

**AÐALFUNDUR FÉLAGS SÉRVÖRUVERSLANA**

**10. MARS 1999, KL. 09:00**

| NAFN | FYRIRTÆKI |
|---|---|
| [illegible] | METSA |
| [illegible] | Stella ehf |
| [illegible] | [illegible] |
| [illegible] | [illegible] |

## FÉLAG SÉRVÖRUVERSLANA, FRH.

### Félag sportvörukaupmanna

| Nafn. | Heimilisfang. | Sími | Nafn eig./framkv.stj. |
|---|---|---|---|
| Skátabúðin | Snorrabraut 60, 105 Rvk. | 511 2030 | Halldór Hreinsson |
| Skíðaþjónustan | Fjölnisgötu 4b, 600 Ak. | 462 1713 | Viðar Garðarsson |
| Bókaversl. Þórarins | Garðarsbr. 9, 640 Húsav. | 464 1234 | Þórarinn Stefánsson |
| Sporthúsið hf. 462 1700 | Hafnarstræti 94, 600 Ak. | 462 4350 | |
| Sportbúð Óskars | Hafnargötu 23, 230 Kelfav. | 421 4922 | Óskar Færseth |
| Orkuver | Hafnarbraut 34, 780 Höfn | 478 1448 | Guðrún Ingólfsd. |
| Sportkringlan ehf. | Pósthólf 3351, 123 Rvk. | 568 6010 | Einar Sigf./Anna Sigþ. |
| Veiðivon ehf. | Mörkin 6, 108 Rvk. | 568 7090 | Jóhann Haukur Jóh. |
| Toppmenn og Sport | Skipagötu 1, 600 Ak. | 461 1855 | Þorvaldur Hilmarsson |
| Sparta ehf. | Laugavegi 49, 101 Rvk. | 551 2024 | Guðjón B. Hilmarsson |

### Félag vefnaðarvörukaupmanna

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ásgeir G. Gunnlaugsson | Stórholti 1, 105 Rvk. | 551 3103 | Valgerður Andrésd. |
| Bernhard Laxdal | Laugavegi 63, 101 Rvk. | 551 4422 | Þyrí |
| Dún- og fiðurhreinsunin | Vatnsstíg 3, 101 Rvk. | 551 8740 | Benedikt Ólafsson |
| Draumaland | Hafnargötu 37a, 230 Keflav. | 421 3855 | Hanna Soffía Jónsd. |
| Elfur | Laugavegi 39, 101 Rvk. | 551 0765 | Sigurður E. Haralds. |
| Fatabúðin | Skólavörðustíg 21, 101 Rvk. | 551 4050 | Karólína Sveinbjörnsd. |
| Herrabúðin hf. | Laugavegi 47, 101 Rvk. | 552 9122 | Sverrir Bergmann |
| H-búðin | Hrísmóum 4, 210 Garðabæ | 565 1550 | Helga Sveinsdóttir |
| Kápan | Laugavegi 66, 101 Rvk. | 552-4333/552 5980 | Davíð Jónsson |
| Íslenskur markaður | 235 Keflavíkurflugvelli | 425 0450 | Ófeigur Hjaltested/Orri |
| P. Eyfeld | Laugavegi 65, 101 Rvk. | 551 9928 | Pétur Eyfeld |
| Hjá Berthu (Peysudeildin) | Laugavegi 84, 101 Rvk. | 551 0756 | Bertha Snorradóttir |
| Varðan hf. | Grettisgötu 2, 101 Rvk. | 551 9031 | Arngrímur Ingimundars. |
| Saumalist | Fákafeni 9, 108 Rvk. | 581 4222 | Ragnheiður Valdimarsd. |
| Versl. Rósalind | Hafnargötu 24, 230 Keflav. | 421 3255 | Guðrún Árnadóttir |
| Verslunin Eva | Laugavegi 42, 101 Rvk. | 552 0625 | Þórarinn Ólafsson |
| Verslunin Stella | Bankastræti 3, 101 Rvk. | 551 3635 | Edda Hauksdóttir |
| Vogue hf., skrifstofa | Sundaborg 5, 104 Rvk. | 568 6355 | Eyjólfur Jónsson |
| Z-brautir og gluggatjöld | Faxafeni 14, 108 Rvk. | 581 3070 | Theodór S. Marínósson |
| Verslunin Persóna | Hólmgarði 2, 230 Keflavík | 421 5099 | Guðrún Ágústa Jónsd. |
| Verslunin Sautján hf. | Laugavegi 91, 101 Rvk. | 552 8390 | Ásgeir Bolli Kristjánsson |
| Fatamiðstöðin | Skólavörðustíg 22a, 101 Rvk. | 551 8250 | Ásgeir Höskuldsson |
| Verslunin Ísold | Aðalgötu 19, 550 Sauðárkr. | 453 4840 | Kristbjörg Guðbrandsd. |
| Verslunin Ozon | Kirkjubraut 5, 300 Akranes | 431 1986 | Hugi Harðarson |

## FÉLAG SÉRVÖRUVERSLANA, FRH.

### Félag vefnaðarvörukaupmanna, frh.

| Nafn. | Heimilisfang. | Sími | Nafn eig./framkv.stj. |
|---|---|---|---|
| Áklæði og gluggatjöld | Skipholti 17a, 105 Rvk. | 551 2363 | Theodór S. Marínósson |
| Lífstykkjabúðin hf. | Laugavegi 4, 101 Rvk. | 551 4473 | Guðrún Steingrímsd. |
| Scala kvenfataversl. | Álfheimum 74, 104 Rvk. | 563 4060 | Hjördís Vilhjálmsd. |
| Rún ehf., (Versl. Kello) | Vatnagörðum 14, 104 Rvk. | 568 0656 | Jón Gunnarsson |
| Kanda ehf., (Polarn & Pyret) | Kringlan 8-12, 103 Rvk. | 568 1822 | Ása Ólafsdóttir |
| Seyma | Laugavegi 71, 101 Rvk. | 551 0424 | Sigríður Jóhannesd. |
| Book´s á Íslandi ehf. | Laugavegi 61, 101 Rvk. | 551 8001 | Tómas Ragnarsson |
| Daman sf. | Laugavegi 32, 101 Rvk. | 551 6477 | Hrafnhildur Jónsd. |
| Skilaborg sf., (Allir krakkar) | Rauðarárst. 16, Ph.5462,R. | 561 0116 | Sigurveig Friðgeirsd. |
| CM | Laugavegi 68, 101 Rvk. | 551 7015 | Ágústa Jónsd. |
| G. Torfason ehf. | Laugavegi 178, 105 Rvk. | 568 3111 | Guðmundur Torfason |
| V.M. ehf. | Laugavegi 95-97, 101 Rvk. | 552 1475 | Margrét Jónsdóttir |
| Herrafataversl. Birgis | Fákafeni 11, 108 Rvk. | 553 1170 | Birgir Georgsson |
| Mari ehf. | Hverfisgötu 6, 101 Rvk. | 562 2862 | Kristbj.Ólafsd/Þóra Árm. |
| Herragarðurinn | | | |

### Einstaklingar I

| | | | |
|---|---|---|---|
| Barnaheimur | Síðumúla 22, 108 Rvk. | 581 2244 | Guðmundur Á. Geirsson |
| Franch Michelsen verslun | Laugavegi 15, 101 Rvk. | 552 8355 | Franch Michelsen |
| Tösku- og hanskabúðin | Skólavörðustíg 7, 101 Rvk. | 551 5814 | Víðir Þorgrímsson |
| Hljómval 421 3834 | Hafnargötu 28, 230 Keflav. | 421 3933 | Sigurður Gunnarsson |
| Verslunin Flex | Bankastræti 11, 101 Rvk. | 551 3930 | Edda Sverrisdóttir |
| Grafarvogsapótek | Hverafold 1-3, 112 Rvk. | 587 1200 | Sigurjón Jónsson |
| Ljósmyndavörur ehf. | Skipholti 31, 105 Rvk. | 568 0450 | Gísli Gestsson |
| Gleraugnaversl. Sjáðu | Laugavegi 40, 101 Rvk. | 561 0075 | Gylfi Björnsson |
| Símabær ehf. | Ármúla 32, 108 Rvk. | 588 3840 | Gylfi Gylfason |
| Gleraugnaversl. Keflavíkur | | | |

### Einstaklingar II

| | | | |
|---|---|---|---|
| Versl. Signar og Helgi | 680 Þórshöfn | 468 1123 | Guðlaug Pétursdóttir |

### Félag leikfangasala

| | | | |
|---|---|---|---|
| Leikfangaversl. Liverpool | Laugavegi 25, 101 Rvk. | 551 1135 | Margrét Pálsdóttir |

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## FÉLAG SÉRVÖRUVERSLANA.

### Félag gjafa- og listmunaverslana.

| Nafn | Heimilisfang | Sími | Nafn eig./framkv.stj. |
|---|---|---|---|
| Listmunir | Hafnargötu 37a, 230 Keflav. | 421 2575 | Karl Olsen jr. |
| MEBA Magnús E. Baldvins.ehf. | Kringlan 8-12, 103 Rvk. | 553 1199 | Björn Á. Ágústsson |
| Tékk-Kristall | Suðurlandsbr. 48, 108 Rvk. | 568 4020 | Skúli Jóhannesson |
| Ull og gjafavörur | Hótel Sögu, v/Hagatorg, R. | 562 4788 | Vilborg Jónsd./Steinar |
| Hjörtur Nielsen hf. | Suðurlandsbr. 52, 108 Rvk. | 553 6622 | Margrét Rögnvaldsd. |
| Leonard | Kringlan 4-6, 103 Rvk. | 588 7230 | Sævar Jónsson |
| Hjá Önnu | Hafnargötu 34, 230 Keflav. | 421 5019 | Anna Olsen |
| Islandia | Kringlan 8-12, 103 Rvk. | 568 9960 | Bjarni Jóhannesson |
| Borð fyrir tvo 568 2220 | Kringlan 8-12, 103 Rvk. | 568 2221 | Guðrún Hilmarsd. |
| JÓD ehf., Jóh.Leifs.gullsm. | Laugavegi 30, 101 Rvk. | 551 9209 | Davíð Jóhannesson |
| MAGUS ehf., Guðl.A.Magn. | Laugavegi 22a, 101 Rvk. | 551 5272 | Hanna S. Magnúsd. |
| Gallerí Fold | Laugavegi 118d, 105 Rvk. | 551 0400 | Elínbjört Jónsd., Tryggvi |

### Félag íslenskra skókaupmanna

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skóbúð Húsavíkur | Garðarsbr. 12, 640 Húsav. | 464 1337 | Reynir Jónasson |
| Skóbúð Keflavíkur hf. 421 1230 | Hafnargötu 35, 230 Keflav. | 421 1230 | Stella Baldvinsdóttir |
| Skóv. Steinars Waage | Pósthólf 5050, 125 Rvk. | 551 8519 | Steinar Waage |
| RR skór | Kringlan 8-12, 103 Rvk. | 568 6062 | Ragna Guðm./Baldvin |
| Skóverslun Kópavogs | Hamraborg 3, 200 Kóp. | 554 1754 | Ásgeir Ásgeirsson |
| Betri búðin | Kirkjubraut 1, 300 Akranes | 431 1165 | Ketill Björnsson |
| Skóversl. Skæði | Kringlan 8-12, 103 Rvk. | 568 9345 | Vigdís Þórarinsd. |
| Glæsiskórinn | Álfheimum 74, 104 Rvk. | 581 2966 | Gunnar Sverrisson |

### Félag snyrtivöruverslana

| | | | |
|---|---|---|---|
| Holtsapótek snyrtivörud. | Álfheimum 74, 104 Rvk. | 553 5213 | Ingólfur Liljendal |
| Hygea 533 ~~4533~~ 4533 | Austurstræti 16, 101 Rvk. | 551 9866 | Jóna L. Sigursteinsd. |
| Ynja | Sunnuhlíð 12, 600 Ak. | 462 5977 | Sesselía Einarsd. |
| Stella | Bankastræti 3, 101 Rvk. | 551 3635 | Edda Hauksdóttir |
| Krisma | Skeiði, 400 Ísafirði | 456 4414 | Ragnheiður/Sædís |

**Aðalfundur Félags sérvöruverslana 1998**

- ÍSLENSK VERSLUN - ALLRA HAGUR í annað skipti. Ljóst að breyta verður til á þessu ári og hefur verið rætt um að nota fjármuni sem til eru til þess að endurstilla miðin.
- Verslun í FLE hefur breyst á árinu, en fylgst hefur verið með þessu, og haldinn fundur um málið hér. Stefna Flugmálastjórnar er að fjölga og efla verslun einkaaðila inni í flugstöðinni og þá jafnt fyrir þá sem koma og fara. Er ekki rétt að félagið krefjist þess að sú regla verði tekin upp, að farþegar verði að sýna brottfararspjald til þess að geta keypt í verslun Fríhafnarinnar ? Hver er munur á uppbyggingu verðs í Fríhöfninni og einkareknu verslununum í FLE ?
- Erindi KÍ og NS til SÍV varðandi úttekt á greiðslumiðlum.
- Pappír í Posa - hugmynd sett fram við banka
- Hvernig mun sérvöruverslunin bregðast við stóraukinni verslun á netinu ?
- Skapa ný fánalög einhverja möguleika í verslun ?
- Tvöföldun verslunarmiðstöðva á höfuðborgarsvæðinu.
- Ferðamannaverslunin - átakið "Verslunarferðir til Reykjavíkur"
- Félag snyrtivörukaupmanna stofnað 12.feb.1997 virkar ekki. Taka það inn sem hóp og standa með þeim.
- Eru temakvöld blómasala einhver fyrirmynd sem þetta félag gæti apað eftir ?

AÐALFUNDUR FÉLAGS SÉRVÖRUVERSLANA

25. MARS 1998, KL. 09:00

| Nafn. | Fyrirtæki. |
| --- | --- |
| [illegible] | MEBA |
| [illegible] | Rún ehf. |
| Jakobína A. Olsen. | Hjá Ömmu. |
| Sigurður Friðgeirsd. | Skálaborg sf. |
| Sigurður Jónsson | |
| Steinar Waage | S. Waage ehf |
| Örvar Sigfússon | Sportleigan ehf |
| Edda Sverrisdóttir | Flex |

**KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS**

HÚSI VERSLUNARINNAR
103 REYKJAVÍK ICELAND
SÍMI: 568 7811
TELEFAX: 354 568 5569

Reykjavík 2. Október 1996.

Hr. Yfirlögregluþjónn
Hörður Jóhannesson,
Rannsóknarlögreglu ríkisins,
Auðbrekku 6,
200 Kópavogi.

Í framhaldi af símtali við Grétar Sæmundsson viljum við fara þess á leit við embættið að tveir fulltrúar frá ykkur taki þátt í fundi stjórnar Félags sérvöruverslana, ásamt tveim fulltrúum frá Sambandi viðskiptabanka, en þar verði rætt um:

**Ávísana-misferli og reglur banka um lokun reikninga.**

| | |
| --- | --- |
| Fundarstaður: | Kaupmannasamtök Íslands, Húsi verslunarinnar, 6. hæð |
| Tími: | Miðvikudaginn 9. Október n.k., kl. 15:00. |

Virðingarfyllst,
f.h. Kaupmannasamtaka Íslands,

Guðni Þorgeirsson

Guðni Þorgeirsson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Til:** Baldvins Ó.Magnússonar, Björns Ágústssonar, Garðars Siggeirssonar, Steinars Waage.

**Frá:** Sigurði Jónssyni

**Málefni til umræðu á fundi sérvörukaupmanna með fulltrúum banka og RLR 9. okt. 1996 kl. 15:00 í fundarsal Kaupmannasamtaka Íslands.**

**Debetkort með mynd**

- Allir tékkareikningshafar fái slík kort og verði að framvísa þeim til að fá innleysta tékka. Tékkahefti séu heldur ekki afhent nema gegn framvísun slíkra korta.
- Miði frá bönkum og sparisjóðum verði settur upp í verslunum og öðrum greiðslustöðum um að aðeins sé hægt að fá innleysta tékka gegn framvísun debetkorts með mynd af korthafa.
- Hámarksupphæð ábyrgðar pr.tékka sem verið hefur kr.10.000 um árabil verði endurskoðuð með hækkun í huga.
- Þjónustusími fyrir alla banka og sparisjóði sé opinn allan sólarhringinn. Um getur verið að ræða rafræna heimildargjöf sem þá er um leið greiðslutrygging fyrir seljendur vara eða þjónustu sem taka við tékkum sem greiðslu.
- Leiðbeiningum verði dreift í verslanir og aðra sölustaði varðandi rétta framkomu við fólk sem er statt á þessum stöðum og er grunað um tékkamisferli eða að hafa undir höndum stolin eða fölsuð tékkahefti.

**Lokun ávísanareikninga**

- Hvaða reglur gilda um lokun ávísanareikninga, og eru þær hliðstæðar hjá öllum bönkum og sparisjóðum ?
- Hver er ábyrgð banka/sparisjóðs varðandi tékka sem hann hefur tekið við til innlausnar án athugasemda ?
- Hvar endar ábyrgð verslana varðandi tékka sem þær hafa innleyst til sín og framselt í banka/sparisjóð ?

**Meðferð tékka hjá RLR**

- Hvernig virkar kerfið ?
- Upplýsingar frá RLR til smásala.
- Fá verslanir aldrei bætur ?

<u>Félag sérvöruverslana.</u>

<u>Fundur 28.02.96.</u>

<u>Formaður:</u>
Baldvin Ó. Magnússon, RR skór, Kringlan 8-12, Rvk. 564-4949 skrst. 568-6062/557-5777
Edda Hauksdóttir, Stella, Bankastræti 3, Rvk. 551-3635
Sigurveig Lúðvíksdóttir, Kúnígúnd, Skólavst. 6, Rvk. 551-3469
Steinar Waage, Skóv. Steinars Waage, Pósthólf 5050, Rvk. 551-8519/554-2842
Björn Ágústsson, Magnús E. Baldvinsson, Kringlan 8-12, Rvk. 553-1199
<u>Varamenn:</u>
Karólína Sveinbjörnsdóttir, Fatabúðin, Skólavörðustíg 21, Rvk. 551-4050
Garðar Siggeirsson, Herragarðurinn, Aðalstræti 9, Rvk. 5689234/551-2234
<u>Fulltrúar í fulltrúaráði K.Í.:</u>
Edda Hauksdóttir, Stella, Bankastræti 3, Rvk. 551-3635
Jóna L. Sigursteinsdóttir, Hygea, Austurstræti 16, Rvk. 511-4511/533-4533
Sigurður E. Haraldsson, Elfur, Laugavegi 38, Rvk. 551-0766
Baldvin Ó. Magnússon, RR skór, Kringlan 8-12, Rvk. 568-6062/557-5777
~~Ragnar Guð~~mundsson, Ragnar herrafatav., Laugavegi 85, Rvk. 551-4519
Steinar Waage, Skóv. Steinars Waage, Pósthólf 5050, Rvk. 554-2842/551-8519
Skúli Jóhannesson, Tékk-kristall, Suðurlbr. 48, Rvk. 568-4025
Franch Michelsen, Laugavegi 15, Rvk. 552-8355
Margrét Pálsdóttir, Liverpool, Laugavegi 18a, Rvk. 551-1135
Sigurveig Lúðvíksdóttir, Kúnígúnd, Skólavörðust. 6, Rvk. 551-3469
Garðar Siggeirsson, Herragarðurinn, Aðalstræti 9, Rvk. 551-2234
<u>Varafulltrúar í fulltrúaráði K.Í.:</u>
~~Erla Wigelund~~, Verðlistinn, v/Laugalæk, Rvk.
Bolli Kristinsson, Versl. Sautján, Laugavegi 91, Rvk. 553-2642/553-3755
~~Ebba Hvannberg~~, Hvannbergsbræður, Laugavegi 71, Rvk. 511-1720
Ásgeir Ásgeirsson, Skóv. Kópav., Hamraborg 3, Kóp. 551-3604
Franch Ú. Michelsen, Laugavegi 15, Rvk. 554-1754
Víðir Þorgrímsson, Tösku- og hanskab., Skólavst. 7, Rvk. 552-8355
Karólína Sveinbjörnsd., Fatabúðin, Skólavst. 21, Rvk. 551-5814
Hilmar Þorkelsson, Íþróttabúðin, Borgartúni 20, Rvk. 551-4050
Björn Ágústsson, MEBA, Kringlan 8-12, Rvk. 552-0011
553-1199
<u>Endurskoðendur:</u>
Ebba Hvannberg og Björn Ágústsson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## AÐALFUNDUR FÉLAGS SÉRVÖRUVERSLANA

25. FEBRÚAR 1997, KL. 18:00

| Nafn. | Fyrirtæki. |
|---|---|
| [illegible] | METSA |
| [illegible] | Herragarður |
| [illegible] | HERRARNIR. |
| [illegible] | Stella ehf |
| [illegible] | SKÁTABÚÐIN. |
| [illegible] | Franch Michelsen |
| Margrét Pálsdóttir | Liverpool |
| Sigurveig Lúðvíksdóttir | [illegible] ehf |
| Baldvin Ómar M. | RR-Skór ehf. |

Bankamál og reglur

Fá fund með eftirtöldum:

525-6075 — S 554-4000

Samband viðskiptabanka Finnur Sveinbjörnsson + PLR.

Ávísanir – misferli. — Fax 554-3865

Auðbrekka 6 Kóp.

Kort með mynd

Reglur banka um ~~[illegible]~~ lokun.

Yfirlögregluþjónn.

Hörður Jóhannesson.

Talaði við Grétar Sæmundsson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavík

Reykjavík 4. maí 1992.

Heiðraði félagi.

## AÐALFUNDUR

Félags sérvöruverslana í Reykjavík og nágr. verður haldinn þriðjudaginn 12. maí n.k. í húsnæði Kaupmannasamtaka Íslands, 6. hæð, Húsi verslunarinnar og hefst kl. 10:30 f.h.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar, reikningar, umræður.
2. Stjórnarkosning.
3. Önnur mál.

Þess er vænst að félagsmenn mæti vel og stundvíslega.

Með kveðju,
stjórnin.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur